

**Samráðshópur forsætisráðherra um
samhæfða framkvæmd stjórnvalda við
að tryggja skilvirk úrræði fyrir
þolendur kynferðisbrota, einkum börn**

Apríl 2013



Forsætisráðuneyti: **Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum barna**

Apríl 2013]

Útgefandi: Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8400
Bréfasími: 562 4014
Netfang: postur@for.stjr.is
Veffang: forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Forsætisráðuneyti

© [ártal] Forsætisráðuneyti

ISBN 978-9979-9870-9-3

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Yfirlit yfir tillögur nefndarinnar	6
Forgangsröðun tillagna	11
Aðgerðir undanfarinna missera	13
Bætt samhæfing og framkvæmd stjórnvalda	18
Efling lögreglu og ákærvalds	27
Skráning og eftirlit með dæmdum kynferðisafbrotamönnum	34
Meðferðarúrræði fyrir kynferðisafbrotamenn	38

Inngangur

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 11. janúar 2013 að tillögu forsætisráðherra að skipaður yrði sérstakur samráðshópur forsætisráðuneytis, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis um samhæfða framkvæmd stjórnvalda til þess að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi, treysta burði réttarvörslukerfisins til þess að koma lögum yfir kynferðisbrotamenn og að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota og markvissar forvarnaraðgerðir. Fulltrúi menntamálaráðuneytisins bættist síðan við hópinn.

Í nefndinni sátu Ágúst Ólafur Ágústsson formaður, frá forsætisráðuneyti, Halla Gunnarsdóttir og Þórunn Hafstein frá innanríkisráðuneyti, Ingibjörg Broddadóttir og Sindri Kristjánsson frá velferðarráðuneyti og Jóna Pálsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar var að skila m.a. skila ríkisstjórninni tillögum um:

1. aðgerðir sem miði að því að treysta samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn
2. að efla lögreglu og ákærvald til þess að takast á við rannsóknir og saksókn í þessum málum
3. hvernig tryggja megi framkvæmd skráningar og eftirlit með dæmdum kynferðisbrotamönnum
4. hvernig best verði staðið að meðferðarúrræðum fyrir kynferðisbrotamenn

Þá átti nefndin að skila ríkisstjórninni skýrslu með tillögum um aðgerðir, kostnaðarmati og hugsanlegum lagabreytingum.

Nefndin hitti á fimmta tug gesta á undanförunum tveimur mánuðum. Á fundi hópsins komu Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir og Dóra Júlíussen frá Barnavernd Reykjavíkur, María Gunnarsdóttir og Þórdís Elín Kristinsdóttir frá barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar, Ingibjörg Gunnarsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir frá barnaverndarnefnd Akranesskaupstaðar og Ólöf Farestveit, forstöðukona Barnahúss.

Sigríður Friðjónsdóttir og Kolbrún Benediktsdóttir frá embætti ríkissaksóknara komu á fund samráðshópsins ásamt Stefáni Eiríkssyni, Björgvini Björgvinssyni og Sigríði Hjaltested frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Eyþóri Þorbergssyni og Val Gunnarssyni frá lögreglunni á Akureyri, Sigríði Guðjónsdóttur, Öldu Hrönn Jóhannsdóttur og Jóhannesi Jenssyni frá lögreglunni á Suðurnesjum, Höllu Bergþóru Björnsdóttur og Viðari Stefánssyni frá lögreglunni Akranesi, Þorgrími Óla Sigurðssyni og Rúnari Þór Steingrímssyni frá lögreglunni á Selfossi.

Þá hefur nefndin átt fund með Páli Winkel, Erlu Kristínu Árnadóttur og Írisi Eik Ólafsdóttur frá Fangelsismálastofnun, Ólafi Erni Bragasyni og Guðbjörgu S. Bergsdóttur frá Ríkislögreglustjóraembættinu, Braga Guðbrandssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Björgvini Björgvinssyni frá „fagræði trúfélaga til úrbóta við meðferð kynferðisbrotamála“, Guðrúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Thelmu Ásdísardóttur frá Drekaflóð, Eyrúnu Jónsdóttur og Berglindi Guðmundsdóttur frá neyðarmóttöku LSH, Sigurði Páli Pálssyni, yfirlækni á geðsviði LSH, Margréti Júlíu Rafnsdóttur og Ernu Reynisdóttur frá Barnaheill, Sigríði Björnsdóttur frá Blátt áfram, Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur frá Kvennaathvarfinu, Lovísu

Arnardóttur og Bergsteini Jónssyni frá UNICEF á Íslandi og Helga Gunnlaugssyni afbrotafræðingi og prófessor við HÍ og Önnu Kristínu Newton sálfræðingi.

Nefndin hitti einnig fulltrúa sérfræðihóps barna sem hefur unnið með UNICEF að tillögugerð um forvarnir og fræðslu en það er sérstakur hópur sex ungmenna, á aldrinum 17-20 ára, sem öll hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og verið í meðferð í Barnahúsi. Loks var kallað eftir skriflegum tillögum frá Umboðsmanni barna og Jafnréttisstofu.

Hinir fjölmörgu gestir nefndarinnar komu með margvíslegar ábendingar um úrbætur og er ljóst að þessi skýrsla tekur ekki á öllum þeim hugmyndum sem þar komu fram. Margt var sameiginlegt í ábendingum gesta og eru margar þeirra lagðar hér fram sem sérstakar tillögur til ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er ljóst að margt krefst frekari skoðunar af hálfu stjórnvalda en máli skiptir að Ísland taki sér stöðu á meðal þjóða sem eru fremstar þegar kemur að baráttunni gegn kynferðisafbrotum.

Þá ber að hafa í huga að þótt nefndin hafi átt að líta til allra kynferðisbrota þá var sérstaklega tekið fram í erindisbréfi nefndarinnar að megináherslan ætti að vera á kynferðisbrot gegn börnum og taka tillögur hópsins mið af þeirri staðreynd.

Í þeim tilvikum þar sem það var talið eiga við leggur nefndin mat á kostnaðinn við umrædda tillögu en í erindisbréfi nefndarinnar var kallað eftir kostnaðarmati.

„Neyðarástand“ hefur skapast

Allir gestir nefndarinnar höfðu orð á því hversu mikil aukning hefur orðið af tilkynntum kynferðisbrotum það sem er af þessu ári. Umfjöllun fjölmiðla snemma árs hefur án efa átt sinn þátt í því. Víðast hvar hafa komið jafnmörg mál inn á borð lögreglu fyrstu þrjá mánuði ársins 2013 og allt árið í fyrra. Í sumum lögregluumdæmum hafa jafnvel komið fleiri tilkynningar um kynferðisbrot gegn börnum fyrstu þrjá mánuði ársins en komu allt árið í fyrra. Yfir 100 kynferðisbrot gegn börnum hafa verið tilkynnt til lögreglu frá áramótum en til samanburðar þá bárust 141 mál til lögreglu allt síðasta ár.

Þá hafa frá áramótum leitað helmingi fleiri börn í Barnahús en gera að jafnaði á jafnlöngu tímabili. Nú hafa 123 börn komið í Barnahús það sem er af þessu ári. Það þýðir að um 2 börn hafa leitað til Barnahúss á hverjum virkum degi frá áramótum. Nú er 41 barn að bíða eftir þjónustu Barnahús og þess ber að geta að aldrei nokkurn tímann í sögu Barnahúss hefur eitt einasta barn þurft að bíða eftir þjónustu. Álagið á starfsfólk lögreglu, ákærvalds og barnaverndaryfirvalda hefur því aukist upp úr öllu valdi og hefur sú staða síðan haft áhrif á þá þjónustu sem brotapolar og aðstandendur þeirra fá.

Þrátt fyrir öflugt starf síðustu ára til að vinna gegn kynferðisofbeldi og bæta málsmeðferð er enn mikið verk að vinna. Niðurskurður í ríkisfjármálum hefur komið niður á þeim lykilstofnunum sem koma að málaflokknum og einnig á félagasamtökum sem hafa haldið úti mikilvægri þjónustu við brotapolar og aðstandendur þeirra. Þar að auki sér ekki fyrir endann á þeirri fjölgun sem hefur orðið á þessu ári. Sú staða sem nú er komin upp í þessum efnunum er mjög alvarleg og getur haft slæmar afleiðingar í bráð og lengd ef ekkert verður aðhafst.

Ýmsir gestir nefndarinnar líktu núverandi stöðu sem „neyðarástandi“ sem þyrfti að bregðast við hratt og örugglega.

Nefndin telur það því mjög áriðandi að styrkja lögreglu, ákærvald og Barnahús þegar í stað til að takast á við aukinn málafjölda. Þá er áriðandi að efla enn frekar forvarnar- og fræðslustarf, auka við meðferðarúrræði fyrir brotþola og brotamenn og styðja við bakið á þeim félagasamtökum sem sinna þjónustu við þolendur og aðstandendur þeirra.

Það er ljóst að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er talsvert algengara en margur heldur. Hundruð íslenskra barna eru beitt kynferðislegu ofbeldi á hverju ári:

- Um 470 tilkynningar berast til barnaverndarnefnda vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi á ári.
- Um 300 börn leita til Barnahúss á ári en þangað leita börn þar sem grunur er á kynferðislegu ofbeldi hafi verið beitt.
- Um 120-140 tilkynningar berast til lögreglu árlega vegna kynferðisbrota gegn börnum.

Þá er ljóst að hluti af málum sem lúta að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum kemur aldrei fram í dagsljósið. Jafnramt er rétt að vekja athygli á því að hér eru ekki talin til kynferðisbrot gegn fullorðnum en þar hefur einnig orðið fjölgun á tilkynntum málum.

Mat nefndarinnar er að ef ekkert verður aðhafst geti vandinn undið upp á sig með alvarlegum afleiðingum til framtíðar. Óásættanlegt er að barn sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þurfi að bíða í allt að 3-4 vikur þar til tekið er á málinu með fullnægjandi hætti innan kerfisins. Það er sömuleiðis óásættanlegt að ekki sé mætt brýnni þörf lögreglu, ákærvalds og barnaverndaryfirvalda til að sinna þessum málaflokki eins og best verður á kosið. Vart þarf að tíunda hinar grafalvarlegu afleiðingar kynferðisofbeldis gegn börnum sem geta verið varanlegar bæði fyrir þau og fjölskyldur þeirra. Slíkur skaði í æsku verður ekki bættur löngu síðar á lífsleiðinni.

Þegar kemur að forgangsriðun ríkisútgjalda er ljóst að fátt er mikilvægara en baráttan gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Kynferðislegt ofbeldi og nauðganir á börnum og fullorðnum er þjóðarskömm sem bregðast þarf við af fullum þunga. Samfélagið á aldrei að líða slíkt ofbeldi.

Yfirlit yfir tillögur nefndarinnar

Hér á eftir má sjá tillögur nefndarinnar en frekari rökstuðning um sérhverja tillögu má finna aftar í skýrslunni. Sé tillagan talin fela í sér talsverðan viðbótarkostnað leggur nefndin gróft mat á þann kostnað og birtist það mat undir viðkomandi tillögu. Hér fyrir neðan er gert ráð fyrir kostnaði á heilu ári en sé ráðist í aðgerðir á árinu sem nú er hafið mun kostnaðurinn vera lægri og er sá kostnaður dreginn fram í kafla skýrslunnar um forgangstillögur nefndarinnar. Nefndin leggur áherslu á að tillögur nefndarinnar verði hafðar til hliðsjónar við næstu fjárlagagerð.

Þá ber að áréttta að ýmsar úrbætur sem ræddar voru á vettvangi nefndarinnar eru tíundaðar í meginmáli skýrslunnar og á það helst við ef umræddar hugmyndir eru nú þegar komnar til skoðunar hjá viðkomandi ráðuneyti og má þar nefna skýrslutökur barna, rannsóknarheimildir lögreglu og mótun tillagna að framtíðarskipan ákærvaldsins.

1. Tillaga um landssamráð barnaverndaryfirvalda, lögreglu og ákærvalds:

Nefndin leggur til að komið verði á laggirnar samráðshópi barnaverndaryfirvalda, lögreglu og ákærvalds með þátttöku fulltrúa Ríkissaksóknara undir sameiginlegri forystu innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis.

2. Tillaga um svæðissamráð sveitarfélaga, lögreglustjóra og barnaverndarnefnda:

Nefndin leggur til að lögreglustjórar og sveitarstjórar sjái til þess að samstarfsnefndir lögreglu og sveitarstjórna, með þátttöku barnaverndarnefnda, starfi með reglubundum hætti og fjalli sérstaklega um aðgerðir lögreglu og barnaverndaryfirvalda til þess að bregðast rétt við ef ofbeldisbrot gegn börnum koma upp. Jafnframt er hvatt til að samstarfsnefndin eigi fund með saksóknurum og dómstjórum í umdæminu 1-2 á ári eða oftár eftir þörfum. Hinar svæðisbundnu samráðsnefndir skili ábendingum til innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis eftir því sem við á.

3. Tillaga um kaup á nýjum húsakynnum fyrir Barnahús:

Nefndin leggur til að ráðist verði sem fyrst í kaup á nýjum húsakynnum fyrir starfsemi Barnahúss. Við ákvörðun um húsa kaup verði m.a. gætt að barnvinsamlegu umhverfi svo koma megi á trúnaði við börnin og aðstandendur, fullnægjandi móttökurými fyrir ólíka aldurshópa barna, viðunandi aðstöðu til læknisskoðunar, skýrslutöku, meðferðar ásamt fullnægjandi rými fyrir starfsfólk og aðra sem erindi eiga í Barnahús.

Áætlaður kostnaður: 110 milljónir kr.¹

4. Tillaga um fjölgun starfsfólks í Barnahús:

Nefndin leggur til að fjölgað verði þegar í stað um tvo sérfræðinga sem starfa við rannsóknarviðtöl, greiningu og meðferð barna sem þolað hafa kynferðisofbeldi eða önnur áföll í bernsku.

¹ Hér þarf nefndin að setja fyrirvara við kostnaðarmatið en kostnaður hins opinbera fer m.a. eftir því hvaða húsnæði verður fyrir valinu ásamt því söluvirði sem fengist fyrir núverandi húsnæði Barnahúss, en tryggja þarf viðbótarfjármagn svo ráðast megi í kaup á stærra og hentugra húsnæði. Gert er ráð fyrir að hér sé búið að taka tillit til söluandvirðis á núverandi húsnæði og því sé um að ræða 110 milljóna kr. nettó kostnað fyrir stjórnvöld.

Áætlaður kostnaður: 20 milljónir kr.

5. Tillaga um stuðning gagnvart aðstandendum brotaþola:

Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að efla stuðning við foreldra og aðra nána aðstandendur barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisofbeldi.

6. Tillaga um læknisskoðanir í Barnahúsi og verkaskiptingu við neyðarmóttöku:

Nefndin leggur til að velferðarráðuneytið hugi að gerð samnings sem skýri skyldur Landspítala-háskólasjúkrahúss um framkvæmd læknisskoðana í Barnahúsi og verkaskiptingu við Neyðarmóttöku nauðgana.

7. Tillaga um ráðningu sálfræðings á geðsvið Landspítalans fyrir fullorðna brotaþola:

Nefndin leggur til að ráðinn verði sérfræðingur í eina stöðu á geðsvið Landspítala til að veita fullorðnum brotaþolum kynferðisofbeldis meðferð við áfallastreituröskun og þunglyndi.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

8. Tillaga um miðlæga stuðnings- og ráðgjafareiningu fyrir brotaþola

Nefndin tekur undir tillögu fagráðs innanríkisráðuneytisins um að kortlagðir verði möguleikar á stofnun starfseiningar að norrænni fyrirmynd sem annist stuðning og ráðgjöf við brotaþola ofbeldis og hefði yfirsýn yfir þau úrræði sem væru til staðar fyrir brotaþola. Skoða þarf þessar hugmyndir í samhengi við þekkingu og reynslu sem er af starfsemi bótanefndar fyrir þolendur ofbeldis hérlendis.

9. Tillaga um útvíkkun Vitundarvakningar:

Nefndin leggur til að starfsemi vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum verði útvíkkuð og fest í sessi til frambúðar í þeim anda sem UNICEF og fleiri aðilar hafa lagt til með tillögum sínum um svokallað Ofbeldisvarnarráð. Sérstakur verkefnisstjóri verði ráðinn þegar í stað í fullt starf til að starfa með verkefnisstjórn sem áfram verði skipuð sérfræðingum úr innanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Verkefnisstjórnin hafi öflugt tengslanet við starfsfólk og stjórnendur í öllum skólum landsins. Verkefnisstjórnin geri tillögu að framtíðarfyrirkomulagi forvarna og fræðslu. Lögð verði áhersla á að tryggja eftir fremsta megni samhæfingu í forvarnarstarfi og eigi verkefnisstjórn í því skyni í nánu samráði við stofnanir og félagasamtök sem að málaflokknum koma.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

10. Tillaga um gerð fræðsluefnis:

Nefndin leggur til að veitt verði þegar í stað 3 milljónum króna til að hefja undirbúning að gerð fræðsluefnis um kynferðisofbeldi og klám fyrir miðstig grunnskóla. Vitundarvakningunni verði falið að halda utan um verkefnið og að setja fram frekari tillögur við fjárlagagerð fyrir árið 2014.

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

11. Tillaga um rannsóknarsjóð:

Nefndin leggur til að hluti af Vitundarvakningunni verði 5 milljón króna rannsóknarsjóður sem nýta megi til mats á forvarnarverkefnum eða frekari rannsókna á umfangi og eðli ofbeldis, þar með talið á kynferðisofbeldi, vanrækslu, heimilisofbeldi og klámi. Tillögur þess efnis verði lagðar til grundvallar fjárlögum fyrir árið 2014.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

12. Tillaga um fræðslu um heimilisofbeldi:

Nefndin leggur til að Vitundarvakningunni verði falið að gera tillögur vegna fræðslu um heimilisofbeldi og leggja á þær kostnaðarmat. Tillögurnar liggi fyrir í árslok 2013 og verði tekið mið af þeim við fjárlagagerð fyrir árið 2015.

13. Tillaga um klám og kynheilbrigði:

Nefndin leggur til að fengnum tillögum menntamálaráðuneytis og velferðarráðuneytis í samræmi við niðurstöður úr samráðsferli um klám verði ráðist í fræðslu um klám og kynheilbrigði. Lagt verði mat á kostnað þegar kortlagningu menntamálaráðuneytis og velferðarráðuneytis er lokið.

14. Tillaga um miðlægt gagnasafn:

Nefndin leggur til að Vitundarvakningin geri tillögu um hvernig best sé að koma á laggirnar miðlægu gagnasafni og að gróft kostnaðarmat liggi fyrir við upphaf árs 2014 vegna fjárlagagerðar fyrir árið 2015.

15. Tillaga um aukinn stuðning við félagasamtök sem sinna þjónustu við brotþola:

Nefndin leggur til að nú þegar verði varið 5 milljónum króna til þeirra samtaka sem sinna þjónustu við þolendur ofbeldis. Velferðarráðuneytið skuli ákveða með hvaða hætti úthlutun eigi sér stað og til hvaða samtaka.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

16. Tillaga um fjölgun lögreglumanna í rannsókn kynferðisbrota:

Nefnin leggur til að þegar í stað verði ráðnir fimm rannsóknarlögreglumenn sem sinni rannsókn kynferðisbrota. Tveir þeirra skulu ráðnir til embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, einn til embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum en tveir rannsóknarlögreglumenn til Lögregluskóla ríkisins og skulu þeir m.a. sinna öðrum lögregluembættum. Skulu tveir síðastnefndu lögreglumennirnir hafa það hlutverk að vera embættum til aðstoðar vegna rannsóknar kynferðisbrotamála og byggja upp þjálfun lögreglumanna við að takast á við rannsóknir þessara mála. Þá munu þeir geta farið tímabundið til lögregluembætta sem á þurfa að halda vegna rannsóknar mála ef fjöldinn er mikill eða ef um flókin mál sem krefjast mikillar yfirlegu er að ræða.

Áætlaður kostnaður: Um 53 milljónir kr.

17. Tillaga um ráðningu aðstoðarsaksóknara við embætti LRH:

Nefndin leggur til að ráðinn verði þegar í stað einn aðstoðarsaksóknari við embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nú er einungis einn aðstoðarsaksóknari að störfum í þessum málaflokki í rannsóknarbrotadeild embættis Lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk aðstoðarsaksóknara er að fylgja eftir rannsókn og gefa rannsóknarfyrirmæli. Þá tekur aðstoðarsaksóknari ákvörðun um að hætta rannsókn. Það er því ljóst að fjölga þarf aðstoðarsaksóknurum hjá þessu langstærsta lögregluembætti landsins.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

18. Tillaga um endurmenntun og þjálfun lögreglumanna sem fást við kynferðisbrot:

Nefndin leggur til að innanríkisráðuneytið, í nánú samráði við Lögregluskólann, Ríkissaksóknara og lögregluembættin í landinu, kortleggi menntun, þjálfun og endurmenntun lögreglumanna í því að fást við kynferðisbrot og geri tillögur að úrbótum. Kortlagningin nái jöfnum höndum til meðferðar brota gegn börnum og fullorðnum. Þá skal einnig haft samstarf við Vitundarvakningu, sem fer með forvarnir og fræðslu, þar með talið fræðslu til réttarkerfisins, í tengslum við samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu. Lagt er til að innanríkisráðuneytið fái auka fjárveitingu til að ráða verkefnisstjóra með góða þekkingu á kynferðisbrotum í hálfu starfi til sex mánaða.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

19. Tillaga um sálgæslu fyrir lögreglumenn og ákærendur í kynferðisbrotum gegn börnum

Nefndin leggur til að samið verði við tvo til þrjú sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að sinna handleiðslu eftir fyrirfram ákveðinni forskrift við starfsfólk sem sinnir rannsóknum og saksókn á kynferðisbrotum gegn börnum. Þá er einnig lagt til að umsjón með skipulagi handleiðslunnar verði í höndum sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra til að unnt sé að tryggja faglegt innihald handleiðslunnar með kröfufýsingu á sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

20. Tillaga um ráðningu saksóknara við embætti ríkissaksóknara:

Nefndin leggur til að ráðinn verði þegar í stað einn saksóknari til að fjölga þeim sem geta sinnt ákærumeðferð kynferðisbrotamála og eftirliti með framkvæmd rannsókna hjá lögreglu.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

21. Tillaga um áhættumat á dæmdum kynferðisbrotamönnum:

Nefndin leggur til að samræmt áhættumat verði framkvæmt á öllum dómþolum sem hlotið hafa dóm fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn börnum og eftir atvikum vegna kynferðisbrota gegn fullorðnum brotaþolum áður en afplánun lýkur. Fangelismálastofnun yrði ábyrgðaraðili

áhættumats í gegnum skipulagt samstarf og samhæfingu Ríkislögreglustjóra og Barnaverndarstofu í samstarfi við barnaverndarnefndir sé þörf á slíku.

22. Tillaga um skráningu kynferðisbrotamanna:

Nefndin leggur til að veitt verði skýr heimild til lögreglu að halda skrá um búsetu þeirra sem áhættumat leiðir í ljós að haldnir eru barnagirnd á háu stigi og líkur á ítrekun brots séu þar af leiðandi miklar.

23. Tillaga um fjölgun sálfræðinga við embætti Fangelsismálastofnunar:

Nefndin leggur til að einu stöðugildi sálfræðings verði bætt við embætti Fangelsismálastofnunar sem verði eyrnamerkt þessum málaflokki og gerð áhættumats.

Áætlaður kostnaður 10 milljónir kr.

24. Tillaga um fjölgun félagsráðgjafa við embætti Fangelsismálastofnunar:

Nefndin leggur til að tveimur stöðugildum félagsráðgjafa verði bætt við embætti Fangelsismálastofnunar sem verði eyrnamerkt þessum málaflokki og m.a. eftirliti með kynferðisbrotamönnum á reynslulausn.

Áætlaður kostnaður 20 milljónir kr.

25. Tillaga um upplýsingar úr sakavottorði:

Nefndin leggur til að farið verði yfir íslenska löggjöf sem fjallar um þjónustu eða umsjón með börnum og öðrum einstaklingum í viðkvæmri stöðu. Lagt er til að kannað verði hvort kveðið sé á um heimildir til að kalla eftir sakavottorði og upplýsingum úr sakaskrá þegar sótt er um störf með börnum hvort sem er á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila. Hlutaðeigandi ráðuneyti geri í framhaldi breytingar á lögum eftir því sem við á.

26. Tillaga um meðferð fyrir kynferðisbrotamenn:

Nefndin leggur til að sett verður á fót teymi þriggja sérfræðinga sem starfi við forvarnir, mat og meðferð fyrir utan þá þjónustu sem er veitt í fangelsum. Þá er lagt er til að hið opinbera bjóði fram þessa þjónustu endurgjaldslaut fyrir einstaklinga með barnagirnd og er þá hugsunin ekki síst sú að hægt sé að ná í þá einstaklinga sem hafa ekki nú þegar brotið af sér en eru í þeim hugleiðingum.

Áætlaður kostnaður: 15 milljónir kr.

27. Tillaga um úrræði fyrir þá sem kunna að fremja kynferðisbrot gegn börnum:

Nefndin leggur til að útbúið verði opið úrræði þar sem einstaklingar sem óttast að þeir kunni að fremja kynferðisbrot eða hafi kenndir til barna geti fengið meðferð sem byggist á mati á áhættu, með það að markmiði að koma í veg fyrir að brot verði framin.

Forgangsröðun tillagna

Þar sem nefndin telur að aðstæður í landinu séu með þeim hætti að sumar af þessum tillögum þoli litla sem enga bið hefur nefndin ákveðið að forgangsraða þeim. Verði ráðist í forgangstillögur nefndarinnar mun það kosta 124 milljónir á heilu ári en til viðbótar myndi kaup á nýju Barnahúsi kosta um 110 milljónir kr. að teknu tilliti til söluandvirðis á núverandi húsnæði.² Hins vegar er heildarkostnaður við allar tillögur nefndarinnar um 290 milljónir kr. á heilu ári, þar með talin kaupin á nýju Barnahúsi, auk þess sem gera má ráð fyrir frekara fjármagni til vitundarvakningar.

Sé hins vegar eingöngu litið til útgjalda á þessu ári væri um að ræða um 79 milljónir kr. í aðrar forgangsaðgerðir en kaupin á nýju Barnahúsi. Um væri að ræða m.a. 11 ný stöðugildi frá og með 1. maí nk. í flestum tilvikum sé þess kostur. Séu hins vegar kaup á nýju Barnahúsi með í tillögunum væri kostnaðurinn við forgangstillögur nefndarinnar á árinu 2013 um 189 milljónir kr.

Þær 15 tillögur sem nefndin leggur áherslu að verði ráðist í eins fljótt og auðið er, eru:

1. **Tillaga um landssamráð barnaverndaryfirvalda, lögreglu og ákærvalds.**
2. **Tillaga um svæðissamráð sveitarfélaga, lögreglustjóra og barnaverndarnefnda.**
3. **Tillaga um kaup á nýjum húsakynnum fyrir Barnahús.**

Áætlaður kostnaður: 110 milljónir kr.³

4. **Tillaga um fjölgun starfsfólks í Barnahúsi.**

Áætlaður kostnaður: 20 milljónir kr. á ári en 13 milljónir kr. á þessu ári

5. **Tillaga um stuðning gagnvart aðstandendum brotþola.**
9. **Tillaga um útvíkkun Vitundarvakningar.**

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir króna á ári en 6,5 milljónir kr. á þessu ári

10. **Tillaga um gerð fræðsluefnis.**

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

15. **Tillaga um aukinn stuðning við félagasamtök sem sinna þjónustu fyrir brotþola.**

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

16. **Tillaga um fjölgun lögreglumanna í rannsókn kynferðisbrota.**

² Hér þarf nefndin að setja fyrirvara við kostnaðarmatið en kostnaður hins opinbera fer m.a. eftir því hvaða húsnæði verður fyrir valinu ásamt því söluvirði sem fengist fyrir núverandi húsnæði Barnahúss, en tryggja þarf viðbótarfjármagn svo ráðast megi í kaup á stærra og hentugra húsnæði. Gert er ráð fyrir að hér sé búið að taka tillit til söluandvirðis á núverandi húsnæði og því sé um að ræða 110 milljóna kr. nettó kostnað fyrir stjórnvöld.

³ Sjá fyrri fyrirvara við kostnaðarmatið.

Áætlaður kostnaður: 53 milljónir kr. á ári en 32 milljónir kr. á þessu ári

17. Tillaga um ráðningu aðstoðarsaksóknara við embætti LRH.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr. á ári en 6,5 milljónir kr. á þessu ári

19. Tillaga um sálgæslu fyrir lögreglumenn og ákærendur í kynferðisbrotum gegn börnum.

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

20. Tillaga um ráðningu saksóknara við embætti ríkissaksóknara.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr. á ári en 5 milljónir kr. á þessu ári

21. Tillaga um áhættumat á dæmdum kynferðisbrotamönnum.

22. Tillaga um skráningu kynferðisbrotamanna.

23. Tillaga um ráðningu sálfræðings við embætti Fangelsismálastofnunar m.a. til að sinna áhættumati.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr. á ári en 5 milljónir kr. á þessu ári

Aðgerðir undanfarinna missera

Á síðustu árum hefur verið unnið mikið starf til að efla meðferð kynferðisbrotamála og forvarnir og fræðslu í málaflokknum. Árið 2007 voru gerðar tímabærar og viðamiklar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, þar með talið rýmkun á skilgreiningu nauðgunar, þynging refsinga og afnám fyrningarfrests í alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum en Ísland er líklega eina landið í heimi sem hefur tekið það skref.

Í tengslum við fullgildingu samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun voru árið 2012 gerðar frekari breytingar á kynferðisbrotakaflanum. Má þar nefna breytingu þá að refsivert sé að mæla sér mót við barn í kynferðislegum tilgangi og skipaði Ísland sér með þessari breytingu í hóp fremstu ríkja hvað varðar lög til verndar börnum gegn kynferðisofbeldi. Þá var svokölluð barngerving felld undir hugtak um barnaklám, þ.e. efni sem sýnir einstaklinga, sem náð hafa 18 ára aldri, á kynferðislegan eða klámfenginn hátt í hlutverki barns. Sama gildir um teiknimyndir og aðrar sýndarmyndir.

Með lögum nr. 54/2012 voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, einkum í því skyni að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota. Oft er sá sem veldur tjóni ekki fær um að greiða tjónþola bætur vegna þess tjóns sem hann hefur valdið, eða hann hefur ekki hug á því. Tjónþolinn á þá lögvarða kröfu á hendur ríkissjóði til greiðslu bótanna þegar skilyrði til greiðslu þeirra samkvæmt lögnum eru að öðru leyti uppfyllt og er tjónþoli þá jafnan krafinn um endurgreiðslu þessarar fjárhæðar. Greiðsla ríkissjóðs á dæmdum miskabótum, sem ætti venjulega við í kynferðisbrotamálum, hafði verið að hámarki 600 þúsund krónur síðan árið 1995. Hins vegar voru með breytingu á lögnum frá árinu 2102 hámarksbætur fyrir miska hækkaðar í 3 milljónir króna auk þess sem veitt var heimild fyrir því að bótanefnd mætti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fela innheimtuaðila að annast innheimtu á bótum umfram þeirrar fjárhæðar sem fellur utan greiðslu ríkissjóðs fyrir hönd tjónþola. Þá var í greinargerð kveðið á um að ekki hafi svo kunnugt væri verið farið fram á bætur fyrir varanlegar andlegar afleiðingar kynferðisbrota þótt ætla mætti að slíkt tjón væri í mörgum tilvikum verulegt. Það væri þó ekkert því til fyrirstöðu að þólandi kynferðisbrots geti krafist bóta vegna varanlegra afleiðinga brotsins, enda telst andlegt tjón til varanlegs miska sem og varanlegrar örorku.

Þá hafa verið samþykktar breytingar á ákvæðum er lúta að alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum. Markmið laganna er að gera ákvæði 200.–202. gr. almennra hegningarlaga skýrari og í samræmi við réttarframkvæmd. Kveðið er á um að kynferðisbrot gegn börnum undir 15 ára verða sett undir sama lagaákvæðið og þannig afnuminn sá greinarmunur sem í lagatexta hefur verið á því hvort brotið er gegn barni sem er í fjölskyldu- eða trúnaðarsambandi við gerandann eða ekki. Er áriðandi að taka af allan vafa um þetta. Þá er afnumið aldursviðmiðið 16 ár í ákvæðunum en það viðmið á sér ekki stoð í lögum að öðru leyti. Alþingi hefur jafnframt til meðferðar frumvarp innanríkisráðherra um öryggisráðstafanir en það felur m.a. í sér möguleika til að dæma hættulega brotamenn, s.s. menn sem ítrekað brjóta gegn börnum, til áframhaldandi eftirlits eftir að afplánun lýkur.

Þrátt fyrir að kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga hafi tekið nauðsynlegum breytingum nær réttarkerfið aðeins að hluta til utan um þau kynferðisbrot sem eiga sér stað á Íslandi. Þannig er fjöldi fólks sem hefur leitað sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis

mun hærri en þær kærur og tilkynningar sem koma inn á borð lögreglu eða barnaverndaryfirvalda. Þá er aðeins hluti þessara mála sem ratar í gegnum allt réttarkerfið.

Haustið 2010 hrinti dómsmála- og mannréttindaráðherra, úr vör samráði um meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu. Samráðið fór fram með markvissri aðkomu lögreglu, dómstóla, ríkissaksóknara, neyðarmóttöku, fræðasamfélags, Stígamóta og annarra grasrótasamtaka. Meðal þess sem fram kom í samráðinu var að skortur væri á bæði fræðslu og fræðilegum rannsóknum í málaflokknum, auk þess sem lögregla og ríkissaksóknari liðu fyrir fjárhagsskort sem kæmi niður á málaflokknum. Í kjölfar samráðsins hefur ráðuneytið staðið fyrir viðamikilli umræðu um kynferðisbrot, í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands og var m.a. haldin alþjóðleg ráðstefna um meðferð kynferðisbrota í janúar 2012.⁴

Innanríkisráðuneytið á einnig í samvinnu við EDDU – öndvegissetur um fræðilega rannsókn á meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Niðurstöður rannsóknarinnar munu að líkindum gefa vísbendingar um hvort og þá hvaða úrbóta sé þörf í réttarkerfinu.

Í þessu viðamikla samráði og samtali lýsti fagfólk ítrekað áhyggjum sínum af því að ofbeldisfullt klám hafi áhrif á kynferðisbrot hér á landi. Hafði innanríkisráðuneyti því frumkvæði að samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti og efndu þessi þrjú ráðuneyti til ítarlegs samráðs um klám. Sérfræðingar sem heyra undir málavæðingaráðuneytanna voru kallaðir til, auk háskólafrólegs og frjálsra félagsamtaka. Liður í þessu var opin ráðstefna um klám⁵. Nú liggja á borðum ráðuneytanna þrjú sundurliðaðar tillögur sem byggja á þessu samráðsferli. Þannig hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið t.d. það verkefni með höndum að kortleggja fræðslu- og námsefni um klám, klámvæðingu og kynheilbrigði og sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk skóla hafi nægilega þekkingu og þjálfun til að takast á við málaflokkinn. Velferðarráðuneytinu er falið að efna til umræðu um heilsufarsleg áhrif kláms og lagt er til að þessi tvö ráðuneyti móti í samvinnu heildstæða fræðslu- og forvarnaáætlun þar sem tekið verði á klámi, klámvæðingu og kynheilbrigði. Er þetta áriðandi þar sem fagfólk sem starfar með börnum telur að klám hafi neikvæð áhrif á börn og ungmenni, þar með talið á virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum og hugmyndir þeirra um kynlíf, samskipti kynjanna, klæðaburð og útlit. Á grundvelli tillagna úr þessu ferli hefur innanríkisráðherra falið refsiréttarnefnd að semja frumvarp til almennra hegningarlaga sem þrengi og skýri hugtakið klám. Aukinheldur hefur verið settur niður starfshópur sem er gert að kortleggja úrræði lögreglu til að fylgja eftir lögum um bann við klámi og gera tillögur að úrbótum.

Í maí 2011 setti innanríkisráðherra á laggirnar fagræð sem fjallar um ásakanir vegna kynferðisbrota sem eiga sér stað innan trúfélaga, og var ráðinu m.a. falið að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar hvað varðar slík mál. Í störfum sínum hefur ráðið haft samband við öll skráð trúfélög í landinu og óskað eftir upplýsingum um hvort upp hafi komið ásakanir um kynferðisbrot innan þeirra og þá í hvaða farveg þeim hafi verið veitt. Er það mat fagræðsins að almennt sé ríkur vilji til þess að tryggja að kynferðisbrot fái faglega meðferð hvar svo sem þau eiga sér stað í samfélaginu. Þrátt fyrir ákvæði hegningarlaga og barnaverndarlaga sé þörf á að styrkja frekar lagalega umgjörð er lýtur að kynferðisbrotum sem eiga sér stað innan vébanda samtaka, þar með talið trúfélaga og íþróttafélaga.

⁴ <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27766>.

⁵ <http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefid-efni/upptokur/nr/28290>

Í tengslum við fullgildingu sáttmála Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu hefur, auk lagabreytinga, verið gert stóráttak í fræðslu- og forvarnarmálum. Ríkisstjórnin setti á laggirnar verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta til þriggja ára sem hefur það verkefni með höndum að standa fyrir vitundarvakningu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Nú þegar hefur vitundarvakningin staðið fyrir því að brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fer í 2. bekki í öllum grunnskólum landsins, þróað hefur verið fræðslufni um mörkin milli kynlífs og ofbeldis fyrir unglinga og sent hefur verið póstkort inn á öll heimili þar sem vakin er athygli á tilkynningarskyldu á grundvelli barnaverndarlaga. Á skömmum tíma hefur verið byggð upp mikil reynsla á vettvangi vitundarvakningarinnar og er nánar fjallað um störf hennar og frekari tillögur um forvarnir og fræðslu í skýrslunni.

Í mars sl. samþykkti Alþingi tillögu velferðarráðherra um framkvæmdaáætlun barnavernd fram til næstu sveitarstjórnakosninga árið 2014. Helstu atriði ályktunarinnar eru að efla barnaverndarstarf á vegum velferðarráðuneytis, að efla barnavernd á vegum Barnaverndarstofu og efla þjónustu stofunnar. Ennfremur að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar og hámarka nýtingu fjármuna sem lagðir eru til hennar. Þetta skal meðal annars gert með því að ráðuneytið og Barnaverndarstofa vinni reglubundið að þróun löggjafar á sviði barnaverndar og málaflokksins í heild og tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málefnum barna svo og að efla ráðgjöf, fræðslu og rannsóknir í barnaverndarstarfi. Lögð er sérstök áhersla á þróun meðferðarráða, bættu bráða- og heilbrigðisþjónustu og aukna þjónustu Barnahúss og meðferð vegna óviðeigandi kynhegðunar. Ný meðferðarstofnun fyrir unglingar í alvarlegum vímuefna- og afbrotavanda verði stofnuð. Einnig er m.a. kveðið á um að gerð verði könnun á tilkynningum og málsmeðferð um líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi.

Það kom fram í viðtölum nefndarinnar að starfsmenn barnaverndarnefnda séu víða mjög störfum hlaðnir og mikilvægt sé að sveitarfélögin tryggi nauðsynlegan starfsmannafjölda og sérþekkingu svo mögulegt sé að sinna verkefnum nefndanna með viðunandi hætti. Tilkynningar til barnaverndarnefnda vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum voru á árinu 2012 samtals 467. Af þessum 467 tilkynningum árið 2012 voru 145 tilkynningar vegna kynferðislegs ofbeldis gegn drengjum en 322 tilkynningar vegna kynferðislegs ofbeldis gegn stúlkum. Tilkynningar til barnaverndarnefnda vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum voru á árinu 2011 samtals 463.⁶ Nánari upplýsingar um fjölda og flokkun barnaverndarmála er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu.⁷

Velferðarráðuneytið fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera grein fyrir eðli ofbeldis gegn fötluðum konum, kanna við hvers konar aðstæður ofbeldið á sér stað og hvaða afleiðinga það hefur. Unnin var skýrsla sem birt var í mars 2013 sem byggir á viðtölum við 13 fatlaðar konur sem höfðu reynslu af ofbeldi í æsku og á fullorðinsárum. Ofbeldið var margháttað, allt frá einelti í æsku til kynferðislegs ofbeldis af hendi maka eða starfsfólks á heimilum fatlaðs fólks. Flestir viðmælendur urðu fyrir einelti í barnaskóla. Þeim fannst aðilar innan skólans hafa sýnt litla viðleitni til að styðja þær og voru á þeirri skoðun að skólakerfið hafi brugðist sér. Eineltið hafði neikvæð áhrif á heilsu þeirra og líðan í barnæsku auk þess sem það hafði mótandi áhrif á þær á fullorðinsárum. Þar sem hér var um eiginlega rannsókn

⁶ Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2011 og 2012, Barnaverndarstofa 2013, bls. 8.

⁷ <http://www.barnaverndarstofa.is/?m=1&ser=290>

að ræða er ekki mögulegt að alhæfa út frá niðurstöðum, en þær gefa vísbendingar um að fatlaðar konur og stúlkubörn séu í sérstakri áhættu gagnvart ofbeldi.

Ríkisstjórnin samþykkti í september 2006 aðgerðaáætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum sem tók til árána 2006–2011. Í skýrslu velferðarráðherra frá 2011, „Skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum, lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011“, er að finna yfirlit yfir eftirfarandi aðgerðir sem gerðar voru samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar:

- *Útgáfa fræðslurita.* Gefin hafa verið út fimm fræðslurit, eitt ætlað til kennslu á háskólastigi, en önnur ætluð starfsmönnum félagsþjónustu og barnaverndar, heilbrigðisstarfsmönnum, þar af eitt ætlað ljósmæðrum sérstaklega, og eitt fyrir lögreglu. Þessum fræðsluritum hefur verið dreift til bókasafna og viðkomandi stofnana, auk þess að vera aðgengilegar á heimasíðu velferðarráðuneytisins.
- *Rannsóknir.* Gerðar hafa verið sex rannsóknir, ein viðamikil umfangskonnum, símakönnun, þar sem tekið var 3.000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna á aldrinum 18–80 ára. Könnunin byggði á erlendum spurningalista „The International Violence against Women Survey“. Hinar fimm kannanirnar beindust að því hvernig viðkomandi stjórnvöld og félagasamtök bregðast við þegar þangað berast mál um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.
- *Fræðsla.* Haldnir hafa verið fræðslufundir með viðkomandi aðilum auk þess sem Jafnréttisstofa hefur haldið fræðslufundi fyrir almenning.
- *Aðgerðaáætlanir sveitarfélaga.* Sveitarfélög hafa verið hvött til að gera sínar eigin aðgerðaáætlanir.
- *Sérstakt átaksverkefni á Suðurnesjum.* Þar sem rannsóknin sýndi að ofbeldi gegn konum var algengra á Suðurnesjum en á öðrum landsvæðum, en annars var lítil munur eftir landsvæðum, tók velferðarráðuneytið upp viðræður við sveitarstjórnir á Suðurnesjum um að koma þar af stað sérstöku átaksverkefni. Í framhaldi af því ákváðu félagsþjónustur á Suðurnesjum að taka verkefnið föstum tókum. Gerð var aðgerðaáætlun í samstarfi við Suðurnesjavakt velferðarráðuneytisins. Áætlunin var unnin náið með hjúkrunarfræðingum og skólunum. Félagþjónustur á Suðurnesjum gáfu út kynningarbækling um heimilisofbeldi og lögreglan á Suðurnesjum hefur hafið formlegt samstarf við félagsþjónustur á svæðinu. Nánari upplýsingar um átaksverkefnið á Suðurnesjum er að finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins í upplýsingum um velferðarvaktina.
- *Karlar til ábyrgðar.* Verkefnið um meðferð karla, þar sem körlum sem beitt hafa konur ofbeldi er boðið upp á meðferð hjá sálfræðingum, er mikilvægt forvarnaverkefni. Verkefnið hefur verið samfellt í gangi síðan haustið 2007. Beiðnum um meðferð hefur fjölgað. Þjónustan er fyrst og fremst veitt á höfuðborgarsvæðinu, en einnig hafa sálfræðingarnir farið út á land eftir því sem fjármagn hefur leyft.
- *Áfallaþjónusta við börn.* Barnaverndarstofa hefur komið á fót tilraunaverkefni sem felur í sér áfallaþjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi. Í verkefninu felst að sérhæfður barnaverndarstarfsmaður fer inn á heimili í þeim tilvikum þar sem lögregla er kölluð til vegna heimilisofbeldis og börn eru á staðnum. Verkefni barnaverndarstarfsmannsins er að huga að barninu sérstaklega og veita því stuðning innan 48 tíma. Tilraunaverkefni þetta er nú á höfuðborgarsvæðinu.

- *Áfengisstefna.* Eins og fram kemur í áðurnefndri skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum er að finna tillögu um að stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og öllu ofbeldi sem áfengisneyslan getur valdið. Vitað er að hún getur skaðað aðra en sjálfan neytandann, bæði ókunnuga og nákomna, fullorðna og börn. Efling barnaverndar er sértæk aðgerð til að styðja þau börn sem hafa mátt þola neysluvanda foreldra. Í samræmi við framangreint er nú á lokastigi könnun á aðgerðum barnaverndar vegna barna sem bíða tjón af áfengis eða vímuefnaneyslu foreldra. Það þýðir að könnuð er sú áhætta sem börn eru í vegna neyslu foreldra. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar á vormánuðum 2013.

Bætt samhæfing og framkvæmd stjórnvalda

Eitt af hlutverkum samráðshópsins var að skila ríkisstjórninni tillögum um aðgerðir sem miði að því að treysta samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum barna. Gestir samráðshópsins voru flestir sammála að samhæfing milli einstakra stofnana og aðila mætti bæta.

Kynferðisbrot gegn börnum kalla á margþætt viðbrögð af hálfu hins opinbera, allt frá því að mál kemur upp og þar til það er til lykta leitt. Samhæfing þarf að vera sem allra best milli þeirra sem koma að málsmeðferð barns til að hagsmunum þess sé sem best borgið. Á þetta bæði við um aðgerðir barnaverndaryfirvalda til að tryggja öryggi og velferð barnsins og um sakamálarannsókn, þar sem markmiðið er að upplýsa málið sem fyrst.

Landssamráð

Ekki er fyrir hendi formlegur samráðsvettvangur barnaverndarkerfisins, réttarvörslukerfisins, og heilbrigðiskerfisins um kynferðisbrot gegn börnum. Mikilvægt er að innanríkisráðuneytið, velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa, ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri hittist 1-2 á ári eða oftar eftir þörfum, í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði og samráð um leiðbeiningar varðandi verklag og forgangsröðun. Slíkur samráðsvettvangur ætti einnig að stuðla að samhæfingu verklags og eiga frumkvæði að úrbótum í þessum málum eftir því sem þurfa þykir.

1. Tillaga:

Nefndin leggur til að komið verði á laggirnar samráðshópi barnaverndaryfirvalda, lögreglu og ákærvalds með þátttöku fulltrúa Ríkissaksóknara undir sameiginlegri forystu innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis.

Svæðisbundið samráð

Mikilvægt er að í hverju lögregluumdæmi sé umræðu- og upplýsingavettvangur varðandi kynferðisbrotamál gegn börnum sem koma upp, þ.m.t. um málsmeðferð brotaþola, kynferðisbrotamenn, o.þ.h. sem tengjast kynferðisbrotum. Í lögum er gert ráð fyrir svæðisbundnu samstarfi lögreglu og sveitarstjórna og félagsmálayfirvalda enda talið mikilvægt að lögregla og önnur stjórnvöld vinni saman að verkefnum sem koma til kasta lögreglu með einum eða öðrum hætti. Í þessu samhengi er gert ráð fyrir að barnaverndarstarf í sveitarfélagi falli undir starfsemi félagsmálayfirvalda.

Í lögreglulögum er kveðið á um að í hverju lögregluumdæmi landsins verði komið á fót samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga sem sé vettvangur fyrir samstarf þessara aðila og fjalli um sameiginleg málefni þeirra. Jafnframt gera lögreglulögin ráð fyrir því að lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skuli hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega er lögreglu ætlað að vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

2. Tillaga:

Nefndin leggur til að lögreglustjórar og sveitarstjórar sjái til þess að samstarfsnefndir lögreglu og sveitarstjórna, með þátttöku barnaverndarnefnda, starfi með reglubundum hætti og fjalli sérstaklega um aðgerðir lögreglu og barnaverndaryfirvalda til þess að bregðast rétt við ef slík brot koma upp. Jafnframt er hvatt til að samstarfsnefndin eigi fund með saksóknurum og dómstjórum í umdæminu 1-2 á ári eða oftar eftir þörfum. Hinar svæðisbundnu samráðsnefndir skili ábendingum til innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis eftir því sem við á.

Efling starfsemi Barnahúss

Barnahús var sett á fót á árinu 1998 og er þar heildstæð þjónusta við börn sem grunur leikur á um að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Í Barnahúsi fer fram læknisskoðun og könnunarviðtal, skýrslutaka fyrir dómi, auk þess sem börn fá sálræna meðferð til að vinna úr áföllum. Einnig taka starfsmenn Barnahúss könnunarviðtöl við börn sem grunur er um að hafa orðið fyrir öðru líkamlegu ofbeldi. Þegar Barnahús var sett á fót var gert ráð fyrir u.þ.b. 40 til 60 málum á ári. Í dag eru málin um 270-300 á hverju ári. Hvern mánuð leita jafnframt um fjöldinn allur af aðstandendum brotaþola eftir ráðgjöf og annarri aðstoð. Húsnæðið er því löngu sprungið utan af starfseminni. Að mati starfsmanna hússins er sjálft húsnæðið farið að halda aftur af starfseminni. Jafnframt getur verið erfitt að tryggja nafnleynd þar sem fjöldi barna og fullorðinna kemur inn í húsið samtímis á annatímum.

Í Barnahúsi starfa í dag fimm starfsmenn, forstöðumaður, ritari og þrír sérfræðingar. Um 123 mál hafa borist á borð Barnahúss það sem af er þessu ári sem er mikil fjölgun. Það sem af er ári 2013 hafa um 2 ný mál komið til Barnahús á hverjum virkum degi sem er um helmingi fleiri börn en koma að jafnaði í Barnahús á jafnlöngum tíma. Nú er 41 barn að bíða eftir þjónustu Barnahús og þess ber að geta að aldrei nokkurn tímann í sögu Barnahúss hefur eitt einasta barn þurft að bíða eftir þjónustu. Biðtíminn getur í sumum tilfellum verið 3-4 vikur. Þetta kemur niður á þeim börnum sem sækja þjónustu Barnahúss og þurfa á meðferð að halda. Þannig geta liðið þrjár vikur á milli meðferðarviðtala í tilfellum þar sem æskilegt væri að viðtal væri fram vikulega.

Starfsfólki hefur hins vegar ekki fjölgað og fer hver sérfræðingur með um 20 mál hverju sinni en æskilegt hlutfall er um 8-9 mál á hvern starfsmann.

Nefndin leggur því áherslu á að Barnahúsi verði fundið sem fyrst nýtt húsnæði sem henti allri þeirri starfsemi sem þar fer fram í dag. Í nýju húsnæði þarf m.a. að vera mögulegt að hafa móttöku fyrir mismunandi hópa barna m.t.t. til aldurs þeirra og hægt sé að sinna aðstandendum brotaþola. Nefndin leggur jafnframt á það áherslu að starfsemi Barnahúss verði styrkt með aukningu í fjölda sérfræðinga sem sinna könnunarviðtölum, skýrslutökum og meðferð.

Þá telur nefndin mikilvægt að Barnahús geti farið að taka að sér að veita börnum sem eru þolendur líkamlegs ofbeldis, hafa orðið vitni að heimilisofbeldi, sætt grófri vanrækslu eða annarri illri meðferð hliðstæða þjónustu á sviði áfallameðferðar og annars viðeigandi stuðnings sem veitt er þolendum kynferðisbrota. Þá er mikilvægt að séð verði til þess að sérfræðingar Barnahúss fái reglulega þjálfun og tækifæri til að tileinka sér nýjungar á sviði rannsóknarviðtala og meðferðarþjónustu.

Nefndin telur afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld búi vel að Barnahúsi hér á landi enda hefur starfsemin vakið víða athygli. Hið íslenska Barnahús hefur verið fyrirmynd fjölmargra

sambærilegra úrræða en í Svíþjóð tók til starfa fyrsta barnahúsið sem var að íslenski fyrirmynd árið 2005. Í Noregi tók Barnahús til starfa árið 2007 og á Grænlandi árið 2011. Í október árið 2011 samþykkti danska ríkisstjórnin að kom á fót 10 til 12 barnahúsum og áform eru um opnun barnahúsa í Finnlandi og Litháen. Í lok árs 2011 voru starfandi um 40 barnahús á Norðurlöndum.

3. Tillaga:

Nefndin leggur til að ráðist verði sem fyrst í kaup á nýjum húsakynnum fyrir starfsemi Barnahúss. Við ákvörðun um húsa kaup verði m.a. gætt að barnvinsamlegu umhverfi svo koma megi á trúnaði við börnin og aðstandendur, fullnægjandi móttökurými fyrir ólíka aldurshópa barna, viðunandi aðstöðu til læknisskoðunar, skýrslutöku, meðferðar, ásamt fullnægjandi rými fyrir starfsfólk og aðra sem erindi eiga í Barnahús.

Áætlaður kostnaður: 110 milljónir kr.⁸

4. Tillaga:

Nefndin leggur til að fjölgað verði þegar í stað um tvo sérfræðinga sem starfa við rannsóknarviðtöl, greiningu og meðferð barna sem þolað hafa kynferðisofbeldi eða önnur áföll í bernsku.

Áætlaður kostnaður: 20 milljónir kr.

5. Tillaga:

Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að efla stuðning við foreldra og aðra nána aðstandendur barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisofbeldi.

6. Tillaga

Nefndin leggur til að velferðarráðuneytið hugi að gerð samnings sem skýri skyldur Landspítala-háskólasjúkrahúss um framkvæmd læknisskoðana í Barnahúsi og verkaskiptingu við Neyðarmóttöku nauðgana.

Skýrslutökur af börnum

Nokkrir aðilar sem komu fyrir nefndina lýstu yfir áhyggjum af þeirri misjöfnu stöðu sem börn búa við á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar með tilliti til skýrslutöku vegna rannsóknar á kynferðisbrotum. Samkvæmt sakamála lögum skal fyrsta skýrslutaka af barni yngri en 15 ára vegna mögulegs kynferðisbrots ávallt fara fram fyrir dómi. Þá getur dómari jafnframt ákveðið að skýrslutakan skuli fara fram í sérútbúnu húsnæði á öðrum stað ef það þykir æskilegra með tillit til hagsmuna barnsins. Í dag nýta dómstólar öllu jafna Barnahús til skýrslutöku af börnum sem eru yngri en 15 ára, að undanskildum Héraðsdómi Reykjavíkur sem nýtir oftast eigið sérútbúið herbergi í dómhúsinu. Í Barnahúsi er fyrir hendi rík sérfræðiþekking af skýrslutökum af börnum vegna gruns um kynferðisbrot, auk þess sem hugmyndafræðin að baki stofnun hússins var að öll þjónusta við börn í þessari stöðu sé á einum stað. Þykir það þjóna hagsmunum barnsins sem best og má sem dæmi nefna að

⁸ Hér þarf nefndin að setja fyrirvara við kostnaðarmatið en kostnaður hins opinbera fer m.a. eftir því hvaða húsnæði verður fyrir valinu ásamt því söluvirði sem fengist fyrir núverandi húsnæði Barnahúss

börn í sérfræðingahópi UNICEF, sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, báru öll Barnahúsi mjög vel söguna.

Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og vekur athygli á því að innanríkisráðherra hefur þegar falið refsiréttarnefnd að semja frumvarp sem tryggji að skýrslutökur af börnum yngri en 15 ára fari ávallt fram í Barnahúsi eða sambærilegu sérútbúnu húsnæði utan dómhúss. Þá óskaði ráðherra sérstaklega eftir því að kannað yrði hvort ástæða væri til að fyrsta skýrslutaka af barni á aldrinum 15-18 ára fari einnig fram fyrir dómi.

Efling neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis

Neyðarmóttakan fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala hefur verið starfrækt frá 1993. Markmið hennar er að tryggja velferð og stöðu þeirra sem til móttökunnar leita vegna nauðgunar, tilraunar til nauðgunar eða annars kynferðisofbeldis. Tilgangur með þjónustu neyðarmóttökunnar er að draga úr eða koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt heilsutjón sem oft er afleiðing kynferðislegs ofbeldis. Eftirmeðferð á Landspítala í tengslum við Neyðarmóttöku er háð mannafla hjá sálfræðiþjónustu á geðsviði spítalans. Um helmingur þeirra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þróa með sér áfallastreituröskun og þunglyndi. Á geðsviði Landspítalans starfa sálfræðingar sem hafa kunnáttu til að bera til að veita viðeigandi meðferð. Geðsviðið ræður við að sinna nýjum málum sem berast Neyðarmóttökunni en ekki eldri málum og þurfa þolendur að bíða lengi eftir meðferð hjá sálfræðingi við afleiðingum kynferðisofbeldisins. Kærum til lögreglu vegna eldri kynferðisbrota hefur fjölgað verulega, en mörg þeirra eru fyrnd. Lögreglan hefur bent á að ekki sé fyrir hendi meðferðarúræði sem hún geti vísað brotaþolum á. Þessum málum getur geðsviðið ekki sinnt eins og best væri kostur á, en mikil þörf er á því.

7. Tillaga

Nefndin leggur til að ráðinn verði sálfræðingur í eina stöðu á geðsvið Landspítala til að veita fullorðnum brotaþolum kynferðisofbeldis meðferð við áfallastreituröskun og þunglyndi.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

Stuðningur og ráðgjöf við brotaþola ofbeldis

Fagráð innanríkisráðuneytisins hefur lagt til að hér verði sett á laggirnar starfseining sem fái það hlutverk að sinna stuðningi og ráðgjöf við brotaþola ofbeldis með heildstæðum hætti að norrænni fyrirmynd. Á öðrum Norðurlöndunum er þessum verkefnum fyrirkomið í sérstökum stofnunum „Brottsoffermyndigheten“, sem hafa verulega orðið til bóta fyrir brotaþola, auk þess sem heildarsýn er höfð að leiðarljósi og öll yfirsýn er á einum stað í málaflokknum. Þess má geta að aflað er fjár til starfsemi umræddra stofnana með bótum sem sekum mönnum er gert að greiða skv. dómsúrskurði. Rennur hluti fjárens til að styrkja þekkingarsetur á sviði afbrota og annar hluti til greiðslu bóta til handa brotaþolum.

8. Tillaga:

Nefndin leggur til að innanríkisráðuneytið skoði stofnun starfseiningar að norrænni fyrirmynd sem sinni stuðningi og ráðgjöf við brotaþola ofbeldis og hefði yfirsýn yfir þau

úrræði sem væru til staðar fyrir brotaþola. Skoða þarf þessar hugmyndir í samhengi við þá þekkingu og reynslu sem er af starfsemi bótanefndar fyrir þolendur ofbeldis hérlandis.

Vitundarvakning

Í nóvember 2011 fól ríkisstjórn verkefnisstjórn með fulltrúum úr innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti að undirbúa vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum í samræmi við ákvæði í samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum.

Var veitt til þess verkefnis samtals 57 milljónum króna til þriggja ára, þ.e. 2012, 2013 og 2014. Á grundvelli þessa er fræðslu um kynferðislegt ofbeldi sérstaklega beint að börnum, starfsfólki grunnskóla, réttarvörslukerfinu og að almennungi. Hefur verið lögð rík áhersla á að nýta fjármagnið til beinnar fræðslu í samræmi við markmið vitundarvakningarinnar.

Forsaga málsins er sú að á árinu 2011 unnu Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, og Berglind Rós Magnúsdóttir, þá ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra, drög að tillögum vegna vitundarvakningar í samræmi við áðurnefndan samning Evrópuráðsins. Evrópuráðið hafði þá gefið út fræðsluefni sem aðildarríkin voru hvött til að nýta⁹. Hér á landi var hins vegar talið æskilegt að byggja á því mikla forvarnar- og fræðslustarfi sem þegar hafði verið unnið á vettvangi stofnana og frjálsra félagasamtaka. Kölluðu ráðuneytin því til velflest félagasamtök og stofnanir sem að málaflokknum koma og kortlögðu fræðslu- og forvarnarefni um kynferðisofbeldi sem þegar var í umferð eða í undirbúningi. Á þessum grunni voru gerðar tillögur til ríkisstjórnar með minnisblaði innanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra 15. nóvember 2011. Var lagt til að sett yrði á laggirnar verkefnisstjórn þessara þriggja ráðuneyta sem hefði það verkefni með höndum að stuðla að fræðslu í grunnskólum, þ.m.t. með samningi við brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu um sýningar í öllum 2. bekkjum og með því að útbúa og flytja fræðslu til nemenda í 10. bekk. Þá var lagt til að fræðslu yrði beint að kennurum og öðru starfsfólki grunnskóla og réttarvörslukerfinu.

Verkefnisstjórn setti sér stefnu til að vinna eftir í forvarnarstarfinu en þar er lögð áhersla á að beina fræðslu til barna í gegnum skóla, einkum grunnskólann sem er eina stofnunin sem nær til allra barna¹⁰. Í stefnu verkefnisstjórnarinnar segir:

„Kynferðislegt ofbeldi er ekki einungis einstaklingsbundinn vandi heldur einnig samfélagslegt viðfangsefni. Það setur ríkar skyldur á herðar allra sem hafa afskipti af börnum í daglegu lífi þeirra. Samfélagið allt þarf að finna til ábyrgðar til að koma megi í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi og byggja upp samfélag án ofbeldis.“

Á grunni þeirrar kortlagningar sem þegar hafði farið fram leitaði verkefnisstjórnin stofnana sem tengjast ráðuneytunum þremur á ýmsan máta vegna velferðarmála, innanríkismála og menntamála og til helstu félagasamtaka sem koma að málaflokknum. Staða þeirra verkefna sem vitundarvakningin hefur með höndum er eftirfarandi:

Gerður var samningur við brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu og er það til sýningar í öllum 2. bekkjum grunnskóla landsins. Verkefnið hófst árið 2011 og kemur samningurinn til

⁹ <http://www.underwearrule.org/>

¹⁰ <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/leidarljof/>

endurskoðunar á vordögum 2013. Markmiðið með sýningunni er að fræða börn um ofbeldi og gera þeim kleift að segja frá ef þau hafa orðið fyrir ofbeldi eða þekkja önnur börn í þeirri stöðu. Fjöldi fagaðila mælir með sýningunni en hún fjallar um þennan erfiða málaflokk á einfaldan hátt án þess að ala á ótta.

Samningur var gerður um framleiðslu stuttmyndarinnar Fáðu já – um mörkin milli ofbeldis og kynlíf fyrir elstu nemendur grunnskóla en hún fjallar um kynferðislegt ofbeldi, áhrif klámvæðingar og heilbriggt kynlíf. Myndin var frumsýnd í janúar 2013 í öllum grunnskólum og flestum framhaldsskólum landsins. Kennaraleiðbeiningar voru unnar með myndinni og nýtast þær jafnframt sem fræðsla fyrir fullorðna um hvernig nálgast megi umræðu um þessi mál við unglinga.

Haldin voru fræðsluþing fyrir starfsfólk grunnskóla í öllum landshlutum haustið 2012. Nánast allir grunnskólar sendu fulltrúa til þátttöku og mynda þeir fulltrúar net tengiliða sem hafa það verkefni að efla þekkingu á málaflokknum innan síns skóla. Á landshlutaþingunum var boðið upp á fræðslu frá sérfræðingum í forvörnum í kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Voru meðal annars fulltrúar frá Barnahúsi með erindi og hópastarf á öllum málþingunum. Eftir málþingin hefur verið reglulegt samband við alla tengiliði um eftirfylgni og þess einnig farið á leit við skóla sem ekki höfðu tilnefnt fulltrúa til þátttöku að bæta þar úr. Þá hafa framhaldsskólar einnig verið virkjaðir, einkum í tengslum við sýningu á myndinni Fáðu já, en allir grunnskólar og framhaldsskólar fengu sent eintak af myndinni, auk þess sem hana má nálgast á vefnum. Sem dæmi má nefna að áður en myndin var frumsýnd í janúar var haft samband við alla tengiliði, sem eru um 700 talsins, um undirbúning kennara svo þeir gætu tekið þátt í samtölum við nemendur um myndina og brugðist við þeim sem hugsanlega þyrftu aðstoð til að vinna úr sínum málum.

Árið 2012 hófst undirbúningur að gerð póstkorts sem sent yrði til allra landsmanna til að vekja athygli á samfélagslegri ábyrgð allra einstaklinga og möguleikum til að koma til hjálpar þeim sem minnsti grunur leikur á um að verði fyrir kynferðislegu ofbeldi. Póstkortinu var dreift í mars 2013 og er þar vakin athygli á tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar ef grunur vaknar um að barn verði fyrir ofbeldi eða búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, en hægt er að fá samband við viðeigandi barnaverndarnefnd í gegnum 112.

Í undirbúningi er jafnframt samningur við Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumál með aðkomu lagadeildar Háskóla Íslands um fræðslu fyrir virka þátttakendur í réttarkerfinu þegar kemur að kynferðisbrotum gegn börnum, þ.m.t. dómara, lögreglu, ákærvald og starfsfólk barnaverndar. Þróað verður kennsluefni sem byggir á samningi Evrópuráðsins og reglum sem honum fylgja um barnvinsamlegt réttarkerfi. Þá hefur verkefnisstjórn það verkefni með höndum að leggja mat á árangur af verkefnum vitundarvakningarinnar.

Árið 2012 kom fjöldi gesta fyrir verkefnisstjórnina sem taldi að koma þyrfti forvörnum og fræðslu um kynferðisofbeldi í varanlegan og markvissan farveg, auk þess sem stuðla þyrfti að frekari rannsóknum á þessu sviði. Fram kom að beina þyrfti forvörnum að annars konar ofbeldi sem börn verða fyrir, þar með talið líkamlegu ofbeldi og vanrækslu.

Vitundarvakningin útvíkkuð

Í nýútkominni skýrslu um ofbeldi og forvarnir gerir UNICEF þannig að tillögu sinni að sett verði á laggirnar sérstakt ofbeldisvarnarráð sem sjái um samhæfingu aðgerða og framkvæmd

forvarna gegn ofbeldi. Ofbeldisvarnarráði verði falið að auka fræðslu og aðgerðir gegn ofbeldi, með áherslu á ofbeldi gegn börnum; styðja og hvetja til rannsókna á umfangi og eðli ofbeldis á Íslandi; halda úti miðlægu gangasafni; og styðja aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir klámi og auka fræðslu um tengingar milli ofbeldis, vændis og kláms.

Nefndin tekur undir þessar áherslur og það að forvarnir og fræðsla um kynferðisofbeldi og ofbeldi á heimilum þurfi að vera í markvissum farvegi til frambúðar. Sú reynsla sem er komin á starfsemi vitundarvakningarinnar er mikilvægur grunnur í þessum efnunum. Þverfaglegt samstarf ráðuneytanna hefur gengið vel, þrátt fyrir minniháttar hnökra, því þræðir ráðuneytanna liggja í allar áttir þegar þau leggjast á eitt og rennir samstarfið styrkum stoðum undir verkefnið. Það er öflugur vettvangur miðað við núverandi stöðu og vænlegastur til að ná sem mestum árangri við frekari forvarnir.

Nefndin leggur því til að vitundarvakning hafi til framtíðar yfir að ráða fjármagni sem geti farið til að meta fræðilega þau forvarnar- og fræðsluverkefni sem ráðist er í og til að styðja við rannsóknir á ofbeldi á umfangi og eðli ofbeldis. Vitundarvakningin skuli einnig starfa í samráði við Landlæknisembættið sem hefur það hlutverk að annast forvarna- og heilsuefningaverkefni. Þá verði haft samstarf við verkefnisstjórn sem vinnur að forvörnum gegn einelti í því augnamiði að byggja upp ofbeldislaust samfélag.

Í því skyni að styrkja vitundarvakninguna í sessi og gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi leggur nefndin til að þegar í stað verði ráðinn sérstakur verkefnisstjóri sem starfi í fullu starfi með verkefnisstjórn að því að hrinda núverandi verkefnum í framkvæmd, efla og útvíkka vitundarvakninguna og að móta framtíðarsýn um fyrirkomulag fræðslu, forvarna og rannsókna.

Í fyrsta áfanga verkefnisins verði þróað fræðsluefni um kynferðisofbeldi og klám fyrir miðstig grunnskóla en sem sakir standa er tilfinnanlegur skortur á fræðsluefni fyrir þann aldurshóp. Horft verði til samstarfs við stofnanir og félagasamtök t.d. SAFT og Evrópuráðið. Samhliða verði kortlagt það efni sem nýta má til fræðslu innan skóla um ofbeldi innan veggja heimila. Í því skyni verði bæði tekið á ofbeldi sem börn kunna að verða fyrir og ofbeldi sem þau verða vitni að. Verkefnisstjórninni verður falið að útvíkka forvarnarstefnu sína þannig að hún nái einnig yfir líkamlegt ofbeldi og vanrækslu. Að fengnu mati á brúðuleikhúsinu Krakkarnir í hverfinu sem nú er sýnt í 2. bekkjum allra grunnskóla verði tekin afstaða til þess hvort ekki sé rétt að endurnýja aftur samning við brúðuleikhúsið við árslok 2014 og kveða á um það á fjárlögum fyrir árið 2015. Þá verði jafnframt skoðað hvort brúðuleikhúsið skuli einnig sýnt nemendum í 4. bekk til að tryggja samfellu í fræðslu.

Í öðrum áfanga verði að fenginni reynslu vitundarvakningar gerð tillaga um framtíðarfyrirkomulag fræðslu fyrir starfsfólk grunnskóla og annarra sem starfa með börnum. Leitað verði samstarfs við háskóla og eftir atvikum aðra skóla sem mennta og þjálfá fólk til starfa með börnum. Fræðsla um ofbeldi gegn börnum verði þannig órjúfanlegur hluti af menntun fagstétta sem starfa með börnum og um leið verði fólk þjálfað til að fræða börn í þessum efnunum og bregðast við ef börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi greina frá því.

Í þriðja áfanga verði að fengnum tillögum frá menntamálaráðuneyti og velferðarráðuneyti í samræmi við niðurstöður úr samráðsferli um klám ráðist í forvarnir og fræðslu um kynheilbrigði og klám. Sérstök áhersla verði lögð á að sporna gegn þeirri þróun að börn og unglingar fái kynfræðslu í gegnum klám og fræðslu beint að því að greina klám og ofbeldi frá kynlífi. Þá nái fræðsla einnig til þeirrar tengingar sem er milli kláms, vændis, ofbeldis og

mansals. Áriðandi er að þessi fræðsla fari í gengum grunnskóla og framhaldsskóla en beinist einnig að almenningi. Samhliða verði leitast við að fræða foreldra barna um kynheilbrigði, kynferðisofbeldi og klám.

Í fjórða áfanga verði unnið að því að safna saman öllum rannsóknum og tölfræðigögnum sem lúta að ofbeldi á einn stað. Sett verði niður áætlun um hvernig megi koma á miðlægu gagnasafni í því skyni að upplýsingar um tíðni ofbeldis og afleiðingar þess séu aðgengilegar.

9. Tillaga:

Nefndin leggur til að starfsemi vitundarvakningar verði útvíkkuð nú þegar og fest í sessi til frambúðar í þeim anda sem UNICEF og fleiri aðilar hafa lagt til með tillögum sínum um hið svokallaða Ofbeldisvarnarráð. Sérstakur verkefnisstjóri verði ráðinn hið fyrsta í fullt starf til að starfa með verkefnisstjórn vitundarvakningar að verkefnum sem þegar eru skilgreind og að því að gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi forvarna og fræðslu. Verkefnisstjórn með sérfræðingum úr innanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti, mun starfa með verkefnisstjóranum sem hafi öflugt tengslanets við starfsfólk og stjórnendur í öllum skólum landsins. Verkefnisstjórnin skal hafa samband við tengslanet löggæslu og dómskerfis til að tryggja að samhæfingu í forvarnarstarfi og starfa í nánú samráði við stofnanir og félagasamtök sem að málaflokknum koma.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

10. Tillaga:

Nefndin leggur til að veitt verði þegar í stað 3 milljónum króna til að hefja undirbúning að gerð fræðsluefnis um kynferðisofbeldi og klám fyrir miðstig grunnskóla. Vitundarvakningunni verði falið að halda utan um verkefnið og að setja fram frekari tillögur við fjárlagagerð fyrir árið 2014.

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

11. Tillaga:

Nefndin leggur til að hluti af vitundarvakningunni verði 5 milljón króna rannsóknarsjóður sem nýta megi til mats á forvarnarverkefnum eða frekari rannsókna á umfangi og eðli ofbeldis, þar með talið á kynferðisofbeldi, vanrækslu, heimilisofbeldi og klámi. Tillögur þess efnis verði lagðar til grundvallar fjárlögum fyrir árið 2014.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

12. Tillaga:

Nefndin leggur til að vitundarvakningu verði falið að gera tillögur vegna fræðslu um heimilisofbeldi og leggja á þær kostnaðarmat. Tillögurnar liggi fyrir í árslok 2013 og verði tekið mið af þeim við fjárlagagerð fyrir árið 2015.

13. Tillaga:

Nefndin leggur til að fengnum tillögum menntamálaráðuneytis og velferðarráðuneytis í samræmi við niðurstöður úr samráðsferli um klám verði ráðist í fræðslu um klám og kynheilbrigði. Lagt verði mat á kostnað þegar kortlagningu menntamálaráðuneytis og velferðarráðuneytis er lokið.

14. Tillaga:

Nefndin leggur til að vitundarvakning geri tillögu um hvernig best sé að koma á laggirnar miðlægu gagnasafni og að gróft kostnaðarmat liggi fyrir við upphaf árs 2014 vegna fjárlagagerðar fyrir árið 2015.

Efla félagasamtök sem sinna þolendum kynferðisofbeldis

Það ber að vekja athygli á sérstaklega óeigingjörnu starfi hinna fjölmörgu félagasamtaka sem starfa á þessum vettvangi en það er ljóst að þau gegna mikilvægu og leiðandi hlutverki í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi. Þá sinna sum þessara samtaka mjög mikilvægu starfi þegar kemur að þjónustu gagnvart brotapolum og fræðslumálum. Nefndin vill sérstaklega vekja athygli á starfi þeirra samtaka sem sinna þjónustu við þolendur ofbeldis og í sumum tilfellum þjónustu sem hið opinbera hefur ekki sinnt sem skyldi. Þessi samtök hafa ekki farið varhluta af þeirri fjölgun mála undanfarna þrjá mánuði og er því mikilvægt að bregðast við þeirri stöðu með auknum stuðningi.

15. Tillaga:

Nefndin leggur til að nú þegar verði varið 5 milljónum króna til þeirra samtaka sem sinna þjónustu við þolendur ofbeldis. Velferðarráðuneytið skuli ákveða með hvaða hætti úthlutun eigi sér stað og til hvaða samtaka.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

Efling lögreglu og ákærvalds

Annað meginhlutverka samráðshópsins var að skila ríkisstjórninni tillögum um hvernig mætti efla lögreglu og ákærvald til þess að takast á við rannsóknir og saksókn í þessum málum.

Fjölgun rannsóknarmála hjá lögreglu er varða kynferðisbrot það sem af er þessu ári er umtalsverð. Afleiðingar þessarar aukningar eru margháttaðar, einkum þær að afgreiðslutími og rannsóknartími lengist og lengri tíma tekur að taka við kærnum og framkvæma nauðsynlegar rannsóknaraðgerðir.

Mikilvægt er að rannsóknir lögreglu á þessum brotum gangi greiðlega fyrir sig. Dráttur á rannsóknum mála getur verið slæm fyrir brotþola, sakborning og málsmeðferðina almennt. Málshraðareglan er ein af grundvallarreglum réttarfars og er tryggð sérstaklega í 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Skipan rannsókna í kynferðisbrotamálum.

Í samræmi við 8. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og reglugerð nr. 192/2008 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir, rannsóknaraðstoð og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, fer rannsókn kynferðisbrotamála hjá lögreglu fram í sérstökum rannsóknardeildum eftirtalinna lögregluembætta:

1. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi hans,
2. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans og lögreglustjóranna í Borgarnesi og í Stykkishólmi,
3. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans,
4. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans og lögreglustjóranna á Blönduósi, Sauðárkróki og Húsavík,
5. lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Seyðisfirði,
6. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lögreglustjóranna á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum,
7. lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir umdæmi hans.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er starfrækt tæknideild sem sinnir vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum tölvurannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og þjónar öllum lögregluumdæmum landsins.

Í nefndinni var ræddur sá möguleiki að kynferðisbrotadeild hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu starfi á landsvísu. Í þessari umræðu vegast á mörg sjónarmið um almenna skipan lögreglumála á landinu, þar með talið með tilliti til málshraða og rannsókna á vettvangi. Mikilvægt er að rannsókn málsins hefjist strax og kæra berst. Yfirheyrslur yfir brotþola, sakborningi og vitnum þurfa að vera nákvæmar og vandaðar og það getur skipt miklu máli að sami lögreglumaður hafi komið að málinu frá upphafi til að tryggja að mikilsverðar upplýsingar fari ekki forgörðum og réttu atriðin séu könnuð. Kynferðisbrot eru einn útbreiddasti glæpurinn á Íslandi í dag. Slík brot geta átt sér stað í öllum bæjarfélögum og eru ekki bundin við eina stétt eða stöðu.

Það er því mikilvægt að í öllum rannsóknardeildum sé fyrir hendi þekking og færni til að fást við rannsókn kynferðisbrotamála. Mikilvægt er að samvinna milli rannsóknadeilda sé góð en einnig að mögulegt sé að sækja liðsinni eða ráðgjöf til annarra embætta eða miðlægt ef upp

koma mörg mál á skömmum tíma, óvanalega flókin mál eða mál þar sem tengsl eru milli tiltekins rannsóknarlögreglumanns og annað hvort brotþola eða sakkbornings, án þess þó að slík tengsl séu með þeim hætti að um vanhæfi sé að ræða en um slík mál fer samkvæmt lögreglulögum með vísan til stjórnslulaga.

Tölvur og tölvutengt efni sem haldlagt hefur verið og fært til rannsóknar í kynferðisbrotum gegn börnum er orðið mjög mikið. Þessar rannsóknir eru tímafrekar vegna magns og umfangs og kann því bið eftir sérfræðiaðstoð og skilum á gögnum oft að reynast löng. Leiða má líkur að því að ástæða dráttar sé skortur á mannafla og fjármunum. Nefndin telur mjög mikilvægt að efla tæknirannsóknir lögreglu en umfang slíkra rannsókna hefur aukist gríðarlega undanfarin ár. Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegnir miðlægu hlutverki í slíkum rannsóknum en vegna umfangs slíkra rannsókna hefur aðstaða til tölvurannsókna að einhverju marki byggst upp hjá öðrum embættum. Nefndin mælir með því að innanríkisráðuneytið kortleggi nánar frekari leiðir til að byggja upp tölvurannsóknir innan lögreglunnar.

Fjöldi kynferðisbrotamála einkum gegn börnum

Svo sem fram kemur í inngangi þessarar skýrslu hefur fjöldi tilkynntra kynferðisbrota margfaldast það sem af er þessu ári. Aukningin er mest á höfuðborgarsvæðinu en einnig mikil hjá flestum landsbyggðarumdæmunum en þar er sveigjanleiki til færslu starfsmanna milli deilda eftir álagi mun minni, þar sem starfsmenn eru færri. Þær tölur sem hér fara á eftir sýna fjölda mála er varða kynferðisbrot gagnvart börnum sem rannsóknadeildum lögregluembættu hefur borist frá áramótum. Rétt er að taka fram að öll lögregluembættin hafa einnig til meðferðar fjölda mála sem lúta að öðrum kynferðisbrotum en gegn börnum. Tölurnar miða hins vegar við brot gegn börnum en aðgerðir sem gripið verður til þurfa að ná til allra kynferðisbrota með það að markmiði að rannsókn þeirra sé sem vönduðust og skilvirkust.

Höfuðborgarsvæðið. Rannsóknadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafa borist 37 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar og eru nú alls 53 mál til rannsóknar að meðtöldum málum frá fyrra ári eða mál sem deildinni hafa verið send frá öðrum rannsóknadeildum. Árið 2012 voru 59 brot í 53 málum skráð vegna þessara brota. Málafjöldinn er slíkur að ekki er til staðar mannskapur eða tími til að taka formlega við kærnum hjá deildinni á þeim hraða sem nauðsynlegt er.

Suðurnes. Rannsóknadeild við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur borist 11 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar og eru nú alls 14 mál til rannsóknar að meðtöldum málum frá fyrra ári. Rannsóknadeildinni bárust alls 10 slík mál allt árið 2012.

Suðurland. Rannsóknadeild við embætti lögreglustjórans á Selfossi hefur borist 11 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar og eru nú alls 15 mál til rannsóknar að meðtöldum málum frá fyrra ári. Að meðaltali berast deildinni um 35 mál á ári.

Vesturland. Rannsóknadeild við embætti lögreglustjórans á Akranesi hefur borist 9 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar og eru nú alls 13 mál til rannsóknar að meðtöldum málum frá fyrra ári. Slík mál voru 11 allt árið í fyrra og 10 þar á undan.

Vestfirðir. Rannsóknadeild við embætti lögreglustjórans á Ísafirði hefur borist 8 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar og eru nú alls 15 mál til rannsóknar að meðtöldum málum frá fyrra ári. Ef litið er til síðustu fimm ára koma að meðaltali 8,4 kynferðisbrotamála gagnvart börnum til rannsóknar hjá lögreglunni á Vestfjörðum á hverju ári.

Norðurland. Rannsóknadeild lögreglustjórans á Akureyri hafa borist 25 mál frá áramótum er varða kynferðisbrotamál gagnvart börnum til rannsóknar.

Austurland. Rannsóknadeild lögreglustjórans á Eskifirði hefur ekki borist nein mál til rannsóknar er varða kynferðisbrot gagnvart börnum frá áramótum.

Það skal tekið fram að hvert mál getur varðað fleiri en eitt brot.

Í neðangreindri töflu sést hver fjölgun mála hefur verið mikil undanfarnar vikur en hér er um að ræða tilkynnt kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt upplýsingum frá einstökum lögregluembættum.

Embætti.	Frá áramótum -20. mars 2013	Mál 2012
Höfuðborgarsvæðið	37	53
Suðurnes	11	10
Vesturland	9	11
Vestfirðir	8	8*
Norðurland	25	13
Austurland	0	11
Suðurland	11	35*
Samtals	101	141

* Meðaltal fyrri ára

Þannig hafa samtals 101 mál er varða kynferðisbrot gagnvart börnum borist lögreglu til rannsóknar það sem af er þessu ári og er tæplega helmingur þeirra til rannsóknar hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglu verður að vera kleift að afgreiða þessi mál með skilvirkum og vönduðum hætti án þess að það komi mjög niður á málsmeðferðartíma í öðrum brotaflokkum. Er því beint til lögreglustjóra að forgangsraða kynferðisbrotarannsóknnum eins og unnt er en nefndin leggur einnig til að rannsóknarlögreglumönnum verði fjölgað, a.m.k. tímabundið. Svigrúm lögreglunnar til þess að mæta þessu innan núverandi fjárveitinga er takmarkað og því þurfa embættin viðbótarfjármagn til að fjölga rannsóknarlögreglumönnum.

Rannsóknarheimildir

Í störfum nefndarinnar kom einnig til umræðu hvort ástæða sé til að taka til frekari endurskoðunar rannsóknaraðferðir og rannsóknarheimildir lögreglu vegna kynferðisbrota. Var notkun tálbeita nefnd sérstaklega í því skyni en einnig almennur sýnileiki lögreglunnar í netheimum, að norrænni fyrirmynd.

Á grundvelli 89. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 var í maí 2011 sett reglugerð um sérstakar rannsóknaraðferðir og rannsóknaraðgerðir lögreglu. Með reglugerðinni voru tekin af öll tvímæli um heimild lögreglu til að nýta tálbeitur og uppljóstrara og beita skyggingu ef um er að ræða rökstuddan grun um að verið sé að fremja eða reynt verði að fremja alvarleg kynferðisbrot. Reglugerðinni var einnig breytt í samræmi við breytingar á almennum hegningarlögum árið 2012 í því skyni að fella einnig undir hana tælingu. Innanríkisráðuneytið telur ekki rétt að gera frekari breytingar á þessu en hefur kallað eftir upplýsingum frá lögreglu um beitingu þessara úrræða.

Nefndin telur mikilvægt að lögregla sé sýnileg í netheimum, einkum þar sem fram fara samskipti barna og eftir atvikum barna og fullorðinna. Með þeim hætti er auðveldara að leita til lögreglunnar, auk þess sem nærvera lögreglu á netinu kann að hafa fælingarmátt. Nefndin telur ástæðu til þess að setja aukinn þunga í sýnileika lögreglunnar á netinu og beinir því til lögreglustjóra að taka það til skoðunar.

Menntun lögreglumanna vegna rannsókna á kynferðisbrotamálum

Nefndin leggur jafnframt áherslu á að menntun og endurmenntun lögreglumanna hvað þennan brotaflokk varðar sé tekin til endurskoðunar með það að markmiði að öll lögregluembætti séu vel í stakk búin til að takast á við kynferðisbrot og eftir atvikum fjölgun þeirra. Rannsóknarlögreglumenn verða að búa yfir reynslu og sérþekkingu á þessu sviði til að geta annast rannsóknir á kynferðisbrotum gegn börnum með fullnægjandi hætti. Þá eiga lögregluliðin svæðisbundið samráð við félagsþjónustur sveitarfélaga og er því góður grundvöllur fyrir samþættingu verkferla og eftir atvikum sértækra aðgerða þessara aðila þegar mál koma upp.

16. Tillaga:

Nefnin leggur til að þegar í stað verði ráðnir fimm rannsóknarlögreglumenn til að mæta brýnni þörf á rannsóknum á kynferðisbrotum. Tveir þeirra skulu ráðnir til embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, einn til embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum en tveir rannsóknarlögreglumenn til Lögregluskóla ríkisins og skulu þeir m.a. sinna öðrum lögregluembættum. Skulu tveir síðastnefndu lögreglumennirnir hafa það hlutverk að vera embættum til halds og trausts vegna rannsókna kynferðisbrotamála og byggja upp hjálfun lögreglumanna við að takast á við rannsóknir þessara mála. Þá munu þeir geta farið tímabundið til lögregluembætta sem á þarf að halda til að aðstoða eða taka yfir rannsókn mála ef fjöldinn er mikill eða ef um flókin mál sem krefjast mikillar yfirlegu er að ræða. Lögregluembætti beini óskum sínum beint til viðkomandi lögreglumanns og skal hann meta hvar þörfin er mest hverju sinni.

Áætlaður kostnaður: Um 53 milljónir kr., þar af 3 milljónir kr. í ferðakostnað farandlögreglumanna

17. Tillaga:

Nefndin leggur til að ráðinn verði þegar í stað einn aðstoðarsaksóknari við embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nú er einungis einn aðstoðarsaksóknari að störfum í þessum málaflokki í rannsóknarbrotadeild embættis Lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk aðstoðarsaksóknara er að fylgja eftir rannsókn og gefa rannsóknarfyrirmæli. Þá tekur aðstoðarsaksóknari ákvörðun um að hætta rannsókn. Það

er því ljóst að fjölga þarf aðstoðarsaksóknurum hjá þessu langstærsta lögregluembætti landsins.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

18. Tillaga:

Nefndin leggur til að innanríkisráðuneytið, í nánú samráði við Lögregluskólann, Ríkissaksóknara og lögregluembættin í landinu, kortleggi menntun, hjálfun og endurmenntun lögreglumanna í því að fást við kynferðisbrot og geri tillögur að úrbótum. Kortlagningin nái jöfnum höndum til meðferðar brota gegn börnum og fullorðnum. Þá skal einnig haft samstarf við Vitundarvakningu, sem fer með forvarnir og fræðslu, þar með talið fræðslu til réttarkerfisins, í tengslum við samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu. Lagt er til að innanríkisráðuneytið fái auka fjárveitingu til að ráða verkefnisstjóra með góða þekkingu á kynferðisbrotum í hálf tær starf til sex mánaða.

Áætlaður kostnaður: 5 milljónir kr.

Regluleg sál gæsla fyrir rannsakendur í kynferðisbrotum

Á fundum nefndarinnar með aðilum gestum kom sterkt fram hversu mikið álag það er fyrir lögreglumenn og saksóknara að rannsaka kynferðisbrot gegn börnum. Nefndin ræddi með hvaða hætti unnt væri að draga úr líkum á streitu hjá þessum starfsmönnum vegna þessa. Leitaði nefndin ráðgjafar Ólafs Arnar Bragasonar sálfræðings hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í álitsgerð Ólafs segir m.a.: „Í íslenski rannsókn á starfsþrotum meðal lögreglumanna í tengslum við áfallastreitu og varnarviðbrögð, kom fram að lögreglumenn sem sögðu erfiðustu starfsreynslu sína felast í því að vinna að málum varðandi ofbeldi eða misnotkun á börnum höfðu fleiri einkenni áfallastreitu en aðrir. Því er brýnt að huga vel að andlegum undirbúningi og reglulegum stuðningi í starfi sem þessu“.

Nefndin tekur undir að nokkrir sértækir streitupættir tengdir rannsóknum á kynferðisbrotum gegn börnum geti aukið líkur á sálrænum vanda þeirra sem starfa við þær s.s. of hátt hlutfall vinnutíma til þess að sinna slíkum rannsóknum, alvarleiki og grófleiki ofbeldis, möguleikar á að upplýsa brot og bjargráð þeirra sem vinna að þessum málum.

Nefndin telur að koma eigi á kerfi reglubundinnar sál gæslu fyrir lögreglumenn og saksóknara er starfa við rannsókn kynferðisbrota gegn börnum a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

19. Tillaga:

Nefndin leggur til að samið verði við 2-3 sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að sinna handleiðslu eftir fyrirfram ákveðinni forskrift við starfsfólk sem sinnir rannsóknum og saksókn á kynferðisbrotum gegn börnum. Þá er einnig lagt til að umsjón með skipulagi handleiðslunnar verði í höndum sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra til að unnt sé að tryggja faglegt innihald handleiðslunnar með kröfulýsingu á sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

Áætlaður kostnaður: 3 milljónir kr.

Efling ríkissaksóknarembættis

Í ljósi upplýsinga frá lögreglu um fjölda kynferðisbrotamála sem hafa verið kærð það sem af er ári má búast við stóruknu álagi á embætti ríkissaksóknara þegar rannsóknum lýkur. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um niðurfellingu eða útgáfu ákæru og fer einnig með eftirlit með framkvæmd rannsókna hjá lögreglu. Um 40% af málum hjá ríkissaksóknara eru kynferðisbrot og hefur þeim fjölgað frá ári til árs. Þá hefur færst í aukana að kynferðisbrotadómum sé áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara á eftir að afgreiða stóran hluta af málum frá árinu 2012. Ljóst er að gera verður embætti ríkissaksóknara kleift að takast á við þessi verkefni með skilvirkum hætti.

Í nýútkominni árskýrslu ríkissaksóknara er greint frá fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. almennra hegningarlaga en það eru þau ákvæði hegningarlaga sem lúta helst að kynferðisbrotum gegn börnum:

„Á árinu 2007 bárust 66 mál sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. hgl. Af þessum 66 málum voru 29 felld niður. Ákært var í 37 málum.

Á árinu 2008 bárust 73 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 73 málum voru 26 felld niður og ákært í 39 málum. Í þremur var fallið frá saksókn og tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Í einni ákæru voru 10 mál, þar sem einn maður var ákærður.

Á árinu 2009 bárust 80 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Niðurfelld voru 39 mál og ákært í 37 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2010 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 53 málum, þá voru 23 mál felld niður og ákært í 23 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Í 5 málum var rannsókn hætt.

Á árinu 2011 bárust 55 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 55 málum, þá er búið að fella niður 14 mál og gefa út ákæru í 15 málum. Einu máli hefur verið lokið með ákærufrestun. Tveimur málum hefur verið lokið með því að hætta rannsókn, og tveimur málum hefur verið lokið með að falla frá saksókn. Um áramót voru 21 máli óafgreitt“.¹¹

Innan embættis ríkissaksóknara er viðfangsefnum skipt milli ákærenda (vararíkissaksóknara, saksóknara og aðstoðarsaksóknara) eftir svæðum. Í umsjónarhlutverki ákærenda felst:

- a) Að fara yfir mál og erindi frá lögreglustjórum sem berst af svæðinu og hafa eftirlit með skráningu þeirra í málaskrá eða í bréfabók eftir því sem við á.
- b) Að afgreiða skráð mál af viðkomandi svæði, gefa út ákæru og sækja mál eftir því sem við á.
- c) Að yfirfara og afgreiða dóma og viðurlagaákvæðanir í málum sem lögreglustjórar svæðisins hafa höfðað.

¹¹ Ársskýrsla ríkissaksóknara 2011, bls. 26

d) Að fylgjast með því að þeir sem fremja afbrot innan svæðisins verði beittir lögmæltum viðurlögum

e) Að fylgjast með og endurskoða ákvarðanir lögreglustjóra um að falla frá saksókn í málum samkvæmt heimild í 113. gr. oml.

f) Að veita ákærendum á svæðinu almenna ráðgjöf og leiðsögn í einstökum málum eftir því sem tilefni verður til. Ráðgjöf í einstökum málum á eftir því sem unnt er að einskorða við mál sem ríkissaksóknari einn hefur málshöfðunarheimild í.

g) Að heimsækja lögregluumdæmi á svæðinu að minnsta kosti einu sinni á ári til eftirlits og leiðsagnar.

h) Að gæta að því að lögreglurannsóknir séu framkvæmdar í samræmi við lög og reglur eða önnur fyrirmæli sem um þær gilda.

Við endanlega afgreiðslu síðustu fjárlaga fékk ríkissaksóknari 32 milljóna kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu sem verður m.a. nýtt til að ráða tvo nýja starfsmenn. Engu að síður þarf að efla embætti ríkissaksóknara tímabundið til þess að takast á við aukinn fjölda í kynferðisbrotamálum og telur nefndin að ráða verði tímabundið einn saksóknara til viðbótar til þess að fjölga þeim sem sinna ákærumeðferð kynferðisbrotamála og eftirliti með framkvæmd rannsókna hjá lögreglu.

Á fundum nefndarinnar komu fram áhyggjur af því að ákvarðanir ríkissaksóknara um niðurfellingu mála séu ekki kæránlegar. Í lögum um meðferð sakamála er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar embætti héraðssaksóknara og yrðu ákvarðanir hans kæránlegar til ríkissaksóknara. Gildistöku þessa ákvæðis hefur hins vegar frestað. Í innanríkisráðuneytinu er nú unnið að framtíðarskipan ákærvaldsins þar sem þetta er meðal úrlausnarefna.

20. Tillaga:

Nefndin leggur til að ráðinn verði þegar í stað einn saksóknari til að fjölga þeim sem geta sinnt ákærumeðferð kynferðisbrotamála og eftirliti með framkvæmd rannsókna hjá lögreglu.

Áætlaður kostnaður: 10 milljónir kr.

Skráning og eftirlit með dæmdum kynferðisafbrotamönnum

Þriðja hlutverk samráðshópsins var að skila ríkisstjórninni tillögum um hvernig tryggja megi framkvæmd skráningar og eftirlit með dæmdum kynferðisbrotamönnum. Nú eru samtals 27 kynferðisbrotamenn að afplána dóma vegna kynferðisbrota, þar af 11 vegna brota gegn börnum. Árið 2000 var einungis einn einstaklingur að afplána dóm vegna kynferðisbrot gegn barni. Nú eru 34 kynferðisbrotamenn á reynslulausn, þar af 17 fyrir kynferðisbrot gegn börnum.

Fjölmargir gesta samráðshópsins töldu að það væru ýmsar brotalamir þegar kæmi að eftirliti með dæmdum kynferðisbrotamönnum. Eftirlit með mönnum eftir að afplánun lýkur er þó vandmeðfarið en það geta verið samfélagsleg rök sem réttlæta eftirlit með ákveðnum einstaklingum sem taldir eru metnir vera með barnagirnd á háu mjög líklegir til að fremja kynferðisafbrot á nýjan leik. Nefndin telur einnig að eftirlit og meðferðarúrreði ásamt félagslegum stuðningi ættu að fara saman.

Áhættumat og skráning dæmdra kynferðisafbrotamanna

Til að hægt sé að meta þörf á auknu eftirliti með dæmdum kynferðisbrotamönnum þarf fyrst að meta hversu líklegt er að viðkomandi brjóti aftur af sér. Það er hægt að gera með sálfræðilegu áhættumati. Áhættumat er því grundvallarþáttur í því að meta hvaða aðilum stafar mesta ógnin af.

Nefndin leggur því til að allir sem fá dóm fyrir brot á 194. gr., og/eða 200-202. gr. almennra hegningarlaga gegn börnum þurfi að fara í mat á áhættu á ítrekun og hver meðferðarþörfin sé áður en afplánun lýkur. Nefndin telur hins vegar að telji Fangelsismálastofnun sérstök rök fyrir því að dæmdur kynferðisbrotaáður í máli þar sem brotaþoli hefur verið fullorðinn, skuli fara í áhættumat eigi sú heimild einnig að vera fyrir hendi.

Í mörgum tilfellum er nú gert áhættumat á sakborningum fyrir saksóknara og við reynslulausn en lagt er til að samræmt áhættumat verði framkvæmt á öllum dómþolum sem hlotið hafa dóm fyrir kynferðisbrot og það sé einnig gert við lok afplánunar. Ef menn teljast líklegir til þess að brjóta af sér á nýjan leik væri lögregluþyrsking og barnaverndaryfirvöldum gert viðvart af hálfu Fangelsismálastofnunar.

Önnur ríki s.s. Bretland hafa tekið upp svipað vinnulag og hefur það talist hafa gefið góða raun. Tillagan um áhættumat er í samræmi við 3. mgr. 15. gr. Lanzarote samningsins um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun sem var fullgildur hér á landi fyrir rúmu ári. Þar segir: „hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, leggja mat á það hve hættulegir þeir einstaklingar eru sem um getur í 1. og 2. mgr. 16. gr. og hugsanlega hættu á ítrekuðum brotum, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, í því skyni að greina hvaða áætlanir eða ráðstafanir eiga við.“ Þá liggur tillaga fyrir hjá Evrópuráðinu um að aðildarríki ráðsins komi sér upp skráningar- og eftirlitskerfi með kynferðisbrotamönnum. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur átt aðild að frá 1992 kemur fram að aðildarríkin eigi að sjá til þess að skráningar- og eftirlitskerfi til verndar börnum sé komið á.

Í 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er fjallað um takmarkað eftirlit með dæmdum kynferðisbrotamönnum og upplýsingar úr sakaskrá en þar segir: „Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðing fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.“

Í greinagerðinni með frumvarpinu kom fram að með slíkri upplýsingaöflun gæfist Barnaverndarstofu jafnframt kostur á að fá upplýsingar um þá sem taldir eru sérstaklega hættulegir og að Barnaverndarstofa geti jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji í umdæmi hennar maður sem það á við um. Í ákvæðinu er jafnframt gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti tilkynnt öðrum um mann sem ákvæðið á við um, en þá þarf hún að fá til þess samþykki Barnaverndarstofu. Hér koma fyrst og fremst til greina heimilismenn þar sem viðkomandi maður hefur aðsetur, ef börn eru á heimilinu. Einnig gætu hér komið til greina nágrenni viðkomandi ef þeir eiga börn sem telja má að geti verið í hættu. Áréttað er í greinagerðinni að þessi réttur til að tilkynna öðrum skuli skýrður þröngt og hann dragi ekki á nokkurn hátt úr skyldu barnaverndarnefnda til að kanna málið frekar, ef veruleg hættu er talin stafa af manni og skilyrði eru fyrir hendi að öðru leyti til að hefja könnun máls sem barnaverndarmáls.

Hins vegar er ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga talið fela í sér afar takmarkaðar heimildir til eftirlits með mönnum sem hlotið hafa dóm fyrir kynferðisbrot og hafa barnaverndaryfirvöld talið að það þurfi endurskoðunar. Þá hafa barnaverndaryfirvöld kallað eftir lagabreytingu m.a. um að áhættumat þyrfti að vera skylda samkvæmt lögum.

Sömuleiðis er lagt til að veitt verði heimild til að halda skrá um búsetu þeirra sem áhættumat leiðir í ljós að haldnir eru barnagirnd á háu stigi og líkur á ítrekun brots séu þar af leiðandi miklar. Á grundvelli áhættumats er mikilvægt að umræddum einstaklingum sé boðið upp á meðferð við hæfi og liggja tillögur þess efnis í kafla skýrslunnar um meðferðarúrræði. Það er mikilvægt að dæmdir gerendur í þessum málum fái félagslegan stuðning og meðferð við hæfi en slíkt kallar á þverfaglegt samstarf opinberra stofnanna.

Nefndin vekur jafnframt athygli á því að fyrir Alþingi liggur frumvarp innanríkisráðherra um öryggisráðstafanir þar sem kveðið er á um heimild til að dæma hættulega síbrotamenn til áframhaldandi eftirlits eftir að afplánun lýkur. Nefndin leggur áherslu á að þessi heimild rati í lög og að tryggt sé gott skipulag á eftirliti og eftir atvikum meðferð og stuðningi með það að markmiði að draga úr líkum á ítrekun brota.

21. Tillaga:

Nefndin leggur til að samræmt áhættumat verði framkvæmt á öllum dómþolum sem hlotið hafa dóm fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn börnum og eftir atvikum vegna kynferðisbrota gegn fullorðnum brotaþolum áður en afplánun lýkur. Fangelsismálastofnun yrði ábyrgðaraðili áhættumats í gegnum skipulagt samstarf og samhæfingu Ríkislögreglustjóra og Barnaverndarstofu í samstarfi við barnaverndarnefndir sé þörf á slíku.

22. Tillaga:

Nefndin leggur til að veitt verði skýr heimild til lögreglu að halda skrá um búsetu þeirra sem áhættumat leiðir í ljós að haldnir eru barnagirnd á háu stigi og líkur á útrekun brots séu þar af leiðandi miklar.

Efling Fangelsismálastofnunar

Fangelsimálastofnun gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að eftirliti dæmdra kynferðisbrotamanna sem látnir hafa verið lausir á reynslulausn. Á reynslulausnartíma er öllum þeim sem sakfelldir hafa verið fyrir kynferðisbrot gegn börnum gert að sæta umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar. Eftirlit með þessum dómþolum þarf að vera öflugt, bæði í formi reglubundinna viðtala og óboðaðra vitjana. Félagsráðgjafar stofnunarinnar sinna eftirliti með kynferðisbrotamönnum á reynslulausnartíma en nú eru einungis tveir félagsráðgjafar að sinna ásamt tveimur sálfræðingum um 61 kynferðisbrotamann, þar af 28 gegn börnum. Jafnframt sinna félagsráðgjafarnir um 400 öðrum skjólstæðingum. Stofnunin hefur hins vegar ekki haft bolmagn til að sinna eftirliti með þeim nema að takmörkuðu leiti.

Til þess að fangelsismálastofnun geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt og sinnt viðeigandi eftirliti gagnvart kynferðisbrotamönnum, auk þess að framkvæma áhættumat á dæmdum kynferðisbrotamönnum við lok afplánunar, er ljóst að efla þarf stofnunina. Þess skal getið að dæmi er um að einstaklingar leiti áfram eftir stuðningi að reynslulausnartíma loknum. Fangelsismálastofnun hefur sinnt þeim stuðningi þar sem fagaðstoðar getur dregið úr líkum á því að kynferðisbrotamenn haldi áfram brotahegðun sinni.

Nú eru einungis tveir sálfræðingar hjá Fangelsismálastofnun sem sinna meðferð í fangelsum og gagnvart aðilum sem eru á reynslulausn eða skilorði. Það er mat stofnunarinnar að allir kynferðisbrotamenn sem eru í afplánun og einkum þeir sem hafa brotið gegn börnum þurfi á sértækri sálfræðimeðferð að halda. Þá er stefna fangelsismálastofnunar sú að allir kynferðisbrotamenn gegn börnum undirgangist áhættumat í upphafi afplánunar sem sé síðan endurmetið eftir þörfum. Ennfremur er öllum kynferðisbrotamönnum sett það skilyrði fyrir veitingu reynslulausnar að þeir sæti meðferð sálfræðinga stofnunarinnar meðan á reynslutíma stendur. Afar brýnt er að stofnuninni sé gert kleift að veita þessa sérhæfu meðferð, en eins og málum er nú háttáð, sökum álags og fárra sálfræðinga, hefur ekki verið hægt að tryggja að svo sé því enn losna slíkir fangar úr fangelsi án þess að hafa fengið fullnægjandi meðferð.

Í ljósi fyrirliggjandi verkefna og ofangreindrar tillögu um gerð sérstaks áhættumats við lok afplánunar þar sem Fangelsismálastofnun yrði ábyrðaraðili áhættumats er lagt til að bætt verði við starfsfólki hjá Fangelsismálastofnun.

23. Tillaga:

Nefndin leggur til að einu stöðugildi sálfræðings við embætti Fangelsismálastofnunar sem væri eyrnamerkt þessum málaflokki og gerð áhættumats á dómþolum.

Áætlaður kostnaður 10 milljónir kr.

24. Tillaga:

Nefndin leggur til að bæta tveimur stöðugildum félagsráðgjafa verði bætt við embætti Fangelsismálastofnunar sem eru eyrnamerkt þessum málaflokki.

Áætlaður kostnaður 20 milljónir kr.

Upplýsingar úr sakaskrá

Víða í lögum er kveðið á um rétt þeirra, sem ráða fólk til starfa með börnum, til upplýsinga úr sakaskrá um umsækjendur. Á þetta bæði við um réttinn til upplýsinga og bann við að ráða þá sem hafa verið dæmdir fyrir alvarleg brot skv. hegningarlögum. Þannig er lagt bann við ráðningu manna í 6. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og 11. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, hafi þeir hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga óháð því að hverjum brot beinist. Samsvarandi ákvæði er í 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, auk þess sem bannið nær einnig til þeirra sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Markmiðið með þessu er að tryggja svo sem kostur er að hæft og hættulaust fólk sé ráðið til starfa með börnum og koma í veg fyrir að börn séu beitt ofbeldi af hendi þeirra sem ráðnir eru til að veita þeim þjónustu eða hafa umsjón með þeim. Í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga er til dæmis kveðið á um að við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögunum, hvort sem þau eru rekin af ríki, sveitarfélögum eða einkaaðilum, skuli ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Samhljóða ákvæði á vel heima í annarra löggjöf er varðar þá sem starfa með börnum.

25. Tillaga:

Nefndin leggur til að farið verði yfir íslenska löggjöf sem fjallar um þjónustu eða umsjón með börnum eða eftir atvikum fullorðna í viðkvæmri stöðu, s.s. vegna heilsufars eða fötlunar, og kannað hvort kveðið sé á um heimildir til að kalla eftir sakavottorði og upplýsingum úr sakaskrá um umsækjendur um störf með börnum hvort sem er á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila. Hlutaðeigandi ráðuneyti geri í framhaldi breytingar á lögum eftir því sem við á.

Meðferðarúrræði fyrir kynferðisafbrotamenn

Að lokum var samráðshópnum lagt til að leggja til tillögur til ríkisstjórnarinnar um hvernig best verði staðið að meðferðarúrræðum fyrir kynferðisbrotamenn. Það er ljóst að bjóða þarf upp á sérhæfða meðferð fyrir þá sem eru saksóttir og/eða dæmdir fyrir kynferðisbrot, sbr. 1. og 2. mgr. 16. gr. Lanzarote samningsins. Þá er einnig mikilvægt að þeir sem afplána dóm fyrir kynferðisbrot fái áframhaldandi meðferð eftir afplánun. Tíðni og lengd meðferðar fer eftir niðurstöðu mats á áhættuþáttum og meðferðarþörf. Að sama skapi færi umfang eftirlits eftir niðurstöðu matsins og því skiptir máli að ofangreind tillaga um áhættumat við lok afplánunar nái fram að ganga.

Allar rannsóknir benda til þess að því fyrr sem gripið er inn í þróun kynferðisbrota, því meiri árangur. Því er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á snemmtæk inngrip, sbr. 3. mgr. 16. gr. Lanzarote samningsins. Hér á landi er nú þegar veitt þjónusta til barna sem sýna af sér óviðeigandi kynhegðun (á aldrinum 9-18 ára) á vegum Barnaverndarstofu. Hægt er að efla meðferðarþátt úrræðisins verulega en búið er að þróa staðlað mat á áhættu og meðferðarþörf.

Talið að það sé mikilvægt að útbúið verði opið úrræði þar sem einstaklingar sem óttast að þeir kunni að fremja kynferðisbrot eða hafi kenndir til barna geti fengið meðferð sem byggist á mati á áhættu, með það að markmiði að koma í veg fyrir hættu á að brot verði framin, sbr. 7. gr. Lanzarote samningsins.

Það er nauðsynlegt að tryggja viðeigandi meðferð fyrir dæmda gerendur undir 18 ára aldri hvort sem er á meðferðarstofnun eða hjá sérmenntuðum fósturforeldrum sem geta veitt viðeigandi stuðning með það að markmiði að vinna með hegðunina í samstarfi við sérfræðing í málefnum ungra gerenda.

Samfélagið verður að vera tilbúið að veita þeim sem brjóta gegn börnum kynferðislega tækifæri til að afla lífsverðmæta og þannig draga úr áhættu á ítrekun. Þess vegna verður að tryggja félagsleg úrræði til að styðja þá sem lokið hafa afplánun vegna kynferðisbrota gegn börnum þannig að þeir geti haft viðunandi búsetu, framfærslu, atvinnu og önnur tækifæri til lífsverðmæta.

26. Tillaga:

Nefndin leggur til að sett verður á fót teymi þriggja sérfræðinga sem starfi við forvarnir, mat og meðferð fyrir utan þá þjónustu sem er veitt í fangelsum. Þá er lagt er til að hið opinbera bjóði fram þessa þjónustu endurgjaldslaust fyrir einstaklinga með barnagirnd og er þá hugsunin ekki síst sú að hægt sé að ná í þá einstaklinga sem hafa ekki nú þegar brotið af sér en eru í þeim hugleiðingum.

Áætlaður kostnaður: 15 milljónir kr.

27. Tillaga:

Nefndin leggur til að útbúið verði opið úrræði þar sem einstaklingar sem óttast að þeir kunni að fremja kynferðisbrot eða hafi kenndir til barna geti fengið meðferð sem byggist á mati á áhættu, með það að markmiði að koma í veg fyrir að brot verði framin.